ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIST!

LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN-HUGSUN MAÓS TSE TUNGS!

Stéttabaráttan



MÁLGAGN KOMMÚNISTASAMTAKANNA MARXISTA-LENÍNISTA

11. tbl. 4. árg 1975

Verð kr. 70


Á blaðsíðu 4 er viðtal við Njál Gunnarsson verkamann um BSV

Hvað er að gerast í ANGÓLA? sjá bls. 9

ÍSLAND ÚR NATO! HERINN BURT!

Þann 27. nóvember fjölmenntu reykvíkingar á útifund á Lækjartorgi til að mótmæla samningum um veiðiheimidlir innan fiskveiðilögsögunnar, og til að mótmæla innrás breskra herskipa inn fyrir 200 mílurnar. Það er ljóst að með hernaðarógnunum sínum ógnar breska heimsvaldastefnan sjálfs ákvörðunarrétti íslendinga og rétti okkar til að ráða hafinu umhverfis landið. En íslensk borgarastétt getur að nokkru leyti sjálfri sér um kennt. Samkvæmt tillögum **fulltrúa hennar á hafréttarráðstefnunni** í Caracas lagðist hún gegn skýlausum rétti strandríkja til að ráða siglingum innan 200 mílna, auk auðlinda í hafi og hafsbotni. Í túlkun borgarastéttarinnar þjónar sjálfsákvörðunarrétturinn aðeins gróðasókn hennar en stendur ekki gegn heimsvaldastefnunni. Þess vegna eru vinnubrögð borgaranna að koma þeim sjálfum í koll: Siglingalögsaga Íslands er aðeins 4 sjómílur, og bresku herskipin hafa fullan rétt til að dóla allt upp að 4 mílum, án þess **að brjóta íslenska lögsögu. Þar** sem borgarastéttin selur sjálfsákvörðunarréttinn til að þjóna gróða sínum, verður íslensk verkalýðsstétt að reisa merki hans og krefjast 200 mílna landhelgi sem inniberi full yfirráð yfir siglingum innan hennar. Breski flotinn er í NATO og NATO-ríkin styðja innrásina. Þess vegna er baráttan fyrir varðveislu 200 mílna landhelgi um leið barátta fyrir úrsögn úr NATO og brottför hersins.

Raunverulega 200 mílna landhelgi - Ísland úr NATO - Herinn burt!



Er lýðræðið of mikið
Um starfsaðferðir ASÍ-forystunnar

Þær gerast æ háværari raddirnar innan verkalýðshreyfingarinnar sem gagnrýna vinnubrögð forystumanna verkalýðsfélaganna og heildarsamtakanna, ASÍ. Þessar raddir eru vottur þess að afl andstöðunnar, sem vill berjast gegn núverandi stefnu forystunnar, hefur aukist. Þróunin sem verður fleirum og fleirum ljós, og fleiri og fleiri snúast gegn, stefnir í þá átt að lama verkalýðshreyfinguna algjörlega sem virka fjöldahreyfingu sem berst fyrir hagsmunum verkalýðsstéttarinnar. Þessi breyting á verkalýðshreyfingunni einkennist af sífellt nánara samstarfi verkalýðsforingjanna og atvinnurekenda og æ minni þátttöku almennra verkamanna í starfi hreyfingarinnar. Þessi stéttasamvinna forystunnar er andstæði hagsmunum verkalýðsins og auðvaldinu í hag. Það sannar ástandið núna þegar auðvaldið heggur heiftarlega að kjörum verkafólks, en baráttuaðferðir forystunnar eru eilífur undansláttur og þátttaka í kór atvinnurekenda um að atvinnuvegirnir þoli ekki betri kjör verkafólks. En forystan stefnir lengra í stéttasamvinnu sinni. Einmitt núna eru á döfinni mál sem hefur afdrifaríkar afleiðingar fyrir verkalýðinn, þ.e. breytingar á vinnulöggjöfinni. ASÍ-forystan hefur varla sagt orð opinberlega um þetta mál, sem hefur þó verið lengi í bígerð hjá Vinnuveitendasambandinu. En toppklíka ASÍ **starfar í reyndinni að því að koma á** sams konar skipulagi verkalýðshreyfingarinnar og breytingarnar á vinnulöggjöfinni stefna að. Við skulum líta aðeins nánar á það hvernig ASÍ-forystan og Vinnuveitendasambandið sækja að sama marki - sem er að skerða enn frekar lýðræðið innan verkalýðshreyfingarinnar.

Hvert stefnir í lögbundnu stéttasamstarfi?

VSÍ hefur kvartað opinberlega undan því að það skorti fullnægjandi miðstjórnarvald hjá mótaðilanu, ASÍ. Og VSÍ hefur ennfremur komið með tillögur um margar breytingar á vinnulöggjöfinni sem gera litlum hópum (það geta verið bæði lítil verkalýðsfélög og minni starfshópar sem við er átt) ókleift að berjast fyrir eigin kröfum sem ganga lengra en semst um á svítunum á Hótel Loftleiðum þar sem "stórlaxarnir" hjá VSÍ og ASÍ hittast. Þannig vill VSÍ safna saman öllu samningavaldi verkalýðshreyfingarinnar í hendur fárra manna, og þær tillögur sem hafa komið fram á Alþingi stefna í þessa átt án alls vafa.

Hvert stefnir ASÍ-forystan í stéttasamvinnunni?

Sá hópur manna sem nú situr í öllum æðstu embættum heildarsamtaka verkalýðsins eru orðnir n.k. atvinnumenn - þeir búa við önnur

Framhald bls. 4

Heilu hverfi útrýmt með einu pennastriki

Flestir reykvíkingar kannast við hverfið við Suðurlandsbraut sem í daglegu tali kallast Múlakampur. Þetta er ekki stórt hverfi eða íburðarmikið, en það er nokkuð rótgróið, og þar býr harðduglegt alþýðufólk sem með þrotlausri vinnu hefur komið þaki yfir höfuð sér. Eftirfarandi grein fjallar um sögu hverfisins og þau átök sem íbúar þess hafa átt í við borgarstjórnaríhaldið sem með öllum ráðum vill svipta þetta fólk eigum sínum, og hefur margbrotið lög og mannréttindi á því. Blaðamenn Stéttabaráttunnar gerðu sér ferð í hverfið og áttu tal við íbúana. Þessi grein er fyrsta grein af fleirum sem fjalla munu um þetta mál.

Uppbygging hverfisins

Á árunum eftir stríð var gífurleg húsnæðisekla í Reykjavík. Efnahags þenslan í og eftir stríðið orsakaði það að fjöldi fólks flutti utan af landsbyggðinni til höfuðstaðarins. Margir fengu húsnæði í bæjaríbúðum, í fjölbýlishúsum og í bröggum, margt stórhuga alþýðufólk réðist í að byggja yfir sig. Á þessum tíma úthlutaði bærinn engum lóðum, en margir fengu leyfi hjá bæjarverkfræðingi til að byggja við ofanverða Suðurlandsbrautina, þar sem Múlahverfið reis. Það var ekkert grín að byggja á þessum tíma. Allir mögulegir hlutir voru skammtaðir þannig að menn fengu vissan skammt af sementspokum út á andlitið. Það gat kostað mikla snúninga að verða sér úti um nokkrar sperrur eða rúðugler. Það fólk sem byggði í Múlakampnum vann mörg þrekvirki: **Stórgrýtisurðir voru ruddar, fólkið** lagði sjálft götur um hverfið og lagði á eigin kostnað skólpleiðslur og vatnslagnir. Þetta gerði fólk vegna þess að það hélt sig vera að byggja sér húsnæði til frambúðar. 1954 gera íbúarnir í hverfinu samning við borgaryfirvöld um lóðarrétt til 10 ára, en ekkert ákvæði var í samningnum um að að þeim tíma liðnum skyldu húsin rýmd, né var nokkuð uppsagnarákvæði í honum. Þá tók bærinn sér forkaupsrétt á húsunum.

Þegar þessi samningur var gerður lá fyrir samþykkt aðalskipulag (staðfest 1965) sem gerði ráð fyrir að nokkur hluti hverfisins nánar tiltekið svæðið í kringum vesturhluta núverandi Síðumúla, skyldi vera grænt svæði, og bærinn hugði ekki á neinar gatna- eða byggingarframkvæmdir þar. Allt síðan 1948-50 **þegar hverfið reis hafa íbúarnir greitt eignaskatt af lóðum sínum.**

Borgaryfirvöld fara á stúfana

1967 skýtur allt í einu upp höfðinu nýtt skipulag fyrir hverfið. Þar er gert ráð fyrir lengingu Síðumúlans, sem kostar það að ryðja verður í burtu mörgum húsum. Við teikningu þessa skipulags virðis sem borgarverkfræðingur hafi einfaldlega farið með strokleður á kortið og teiknað götur og hús ofan í eignarlóðir og yfir hús þeirra sem bjuggu í og við Suðurlandsbraut 112. Þar með brýtur borgin lög á íbúunum á tvennan hátt: Í fyrsta lagi eru skipulagslögin brotin en þau fjalla m.a. um

Framhald bls. 3



Síðasta bréfið frá spænskum félaga:
Við deyjum stoltir!

Stéttabaráttan birtir hér bréf sem skrifað er af einum hinna hugrökku baráttumanna sem fasistarnir myrtu á Spáni fyrir stuttu. Bréf þetta er lýsir pyntingum og misrétti sem pólitískir fangar og fjölskyldur þeirra mega þola undir fasismanum, og bendir á þá einu leið sem er fær í baráttunni: óbilgjörn vopnuð barátta byggð á pólitískri baráttu alþýðunnar. Bréfritarinn, Jose Baena Alonso, var tekinn af lífi fyrir utan Madrid að morgni 27. september s.l.

Bréfið er þýtt úr Klassekampen, málgagni AKPml í Noregi.

"Ég heiti Jose Baena Alonso, 25 ára gamall járniðnaðarmaður, meðlimur í FRAP og Kommúnistaflokki Spánar m-l, PSEm-l. Fram til maí 1975 vann ég sem verkamaður í járnbræðslu í Fumansa (Vigo). Faðir minn, Fernando Baena Fernandez, 71 árs að aldri, er nú á eftirlaunum eftir að hafa unnið í timburverksemiðju. Móðir mín, Ertella Alonso Sota, 60 ára að aldri, landbúnaðarverkakona, kann hvorki að lesa né skrifa og kvelst af hjarta- og taugasjúkdómum síðan 1970, þeim degi er ég var í fyrsta skipti settur í fangelsi. Á þeim tíma byrjaði lögreglan í Galisía að ásaka hana fyrir að hafa alið mig upp, með því að hún hótaði henni að handtaka alla fjölskylduna næst þegar þeir kæmu.

Síðan ég var handtekinn síðast hefur andlegt ástand hennar versnað, hún hefur oft reynt að fremja sjálfsmorð og í eitt skipti var henni bjargað á síðasta augnabliki.

Flýði upp til fjalla

Við mótmælaaðgerðir sem FRAP og LCR stóðu fyrir á Tais-svæðinu í



Vigo myrti lögreglumaður með skammbyssuskoti Manuel Montenegro Simon. Hann vann í Fenosa-verk-

Framhald á baksíðu.

ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIZT! LIFI MARXISMINN-LENINISMINN-HUGSUN MAOS TSE TUNGS!
Stéttabaráttan

STÉTTABARÁTTAN 11. tbl. 4. árg.
29.11. 1975.

Útg.: Kommúnistasamtökin m-l.
STÉTTABARÁTTAN kmeur út mánaðarlega.
Póstfang: Pósthólf 1357, Reykjavík.
Sími: 27810.
Gírónr.: 27810.
Ritstj. og ábm.: Hjálmtýr Heiðdal.

Sundrungarstarfsemi verkalýðsforystunnar

Eitt af umræðuefnum sjöunda þings Verkamannasambands Íslands var, hvað kaupmáttur launa verkalýðsins hefur verið lækkaður gífurlega undanfarna mánuði. Þar segir meðal annars að nú þurfi að hækka "tímakaup verkamanna um 30% til að ná þeim kaupmætti sem fyrir hendi var 1. mars 1974". Ennfremur segir þar að "ráðstöfunartekjur heimilanna hafa dregist mun meira saman heldur en kaupmáttur kauptaxta hefur lækkað". Þessi minnkandi kaupmáttur umfram það sem verðbólgan hefur skapað stafar að mestu af mun minni yfirvinnu en áður. Og einnig vegna þess að skattar hafa ekki verið lækkaðir í samræmi við minni tekjur nú en 1974. Þetta tvennt, auk fjölda annarra reiknikúnsta með söluskatt og vísitölu, hefur raunverulega lækkað launin mun meir en um þessi 30% sem Verkamannasamband Íslands talaði um.

Það er því kominn meira en tími til að verkalýðshreyfingin hefjist handa um að endurheimta eitthvað af því sem af henni hefur verið haft.

Þetta sama þing Verkamannasambandsins gefur okkur líka nokkrar hugmyndir um það, hvernig staðið verður að komandi samningum. Eins og í fyrra ætlar hin svikula verkalýðsforusta í stærstu félögunum hér í Reykjavík að semja á lokuðum miðnefndarfundum og koma þannig í veg fyrir að verkamennirnir í félögunum eða félögin sjálf hafi áhrif á samningsgerðina eða að frumkvæði þeirra og barátta komi á nokkurn hátt upp á yfirborðið.

Það, hvernig standa á að samningunum nú eru gjörsamlega forkastanleg vinnubrögð, því þau þjóna aðeins atvinnurekendum en sundra og veikja verkalýðshreyfinguna. Í stað þess að efla sem mest frumkvæði og starf sem flestra verkalýðsfélaga og félagsmanna, þá stefnir þessi miðstýring ASÍ-broddanna að því að svæfa allt frumkvæði og berjast gegn allri sjálfstæðri baráttu, hvar sem hún kemur upp. Þess í stað miðast hún við að færa öll völd í hendur hálaunaðrar forustuklíku sem engin tengsi hefur lengur við verkalýðsfjöldann, hvorki hvað snertir laun eða félagslega aðstöðu.

Kjarakröfurnar sem þing Verkamannasambandsins boðar eru á sama hátt tvíeggjaðar eins og forustulið ASÍ er tvöfalt í roðinu. Annars vegar á að fara fram á 30% kauphækkun sem leiðréttingu kjaraskerðingar frá 1. mars 1974, en hins vegar á að minnka launakröfur ef vísitölutrygging launa fæst.

Þetta hefur forustan hugsað sér að framkvæma þrátt fyrir að hún viti í fyrsta lagi vel, að 30% krafan er alltof lág og í öðru lagi að vísitölutrygging launa verður skilyrðislaust að fylgja hvaða samningum sem er, á verðbólgutímum eins og nú.

Til þess að geta búið okkur undir komandi samninga verðum við því að gera okkur grein fyrir tvennu. Í fyrsta lagi að hækkuð laun ráða engu um aukningu verðbólgunnar. Nú er allt útlit fyrir að verðbólga fari rénandi í Evrópu, en sam fara því dregur úr atvinnu og atvinnuleysi eykst. Þetta hefur orðið og er að verða efnislegur raunveruleiki í Evrópu. Hér á Íslandi bendir allt til að þetta fari á sömu leið. Atvinna hefur nú þegar dregist saman og allt útlit er fyrir að það eigi enn eftir að verða framhald á þeirri þróun. Og í öðru lagi að nú er því allt útlit fyrir að verkamenn verði í auknum mæli að fara að lifa af dagvinnunni einni. Við hljótum því við núverandi ástand að setja fram þær kröfur að átta stunda vinnudagur nægi til lífsframfæris og að launin séu vísitölutryggð. Þessar kröfur leiða svo, ef þær nást fram, að sjálfu sér til þess að þunga kreppunnar verði létt af herðum verkalýðsins, en auðmennirnir verði látnir bera þunga sinnar eigin kreppu.

Þetta eru einu raunhæfu kjarakröfurnar sem við getum sett fram og barist fyrir í dag.

26/11

Hvernig kemstu i samband við KSML

Miðstjórn: Pósthólf 1357 Reykjavík, einnig í síma 27810.
Ritstjórnir Stéttabaráttunnar og Rauða fánans: Pósthólf 1357 Reykjavík, einnig í síma 27810.
Reykjavíkurdeild: Lindargötu 15 Reykjavík, sími: 27810.
Akureyrardeild: Guðvarður M. Gunnlaugsson Helgamagrastræti 23, einnig pósthólf 650 Akureyri.
Suðurnesjadeild: Jónas H. Jónsson Holtsgötu 26 Njarðvík, sími: 2641.
Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsdóttir, Vitastíg 3.
Neskaupstaður: Stuðningsdeild KSML c/o Peter Ridgwell Miðhúsum.
Ísafjörður: Jón Kristjánsson Seljalandsvegi 54.
Snæfellsnes: Sigfús Almarsson Skólabraut 10, Hellissandi.
Eiðar, S-Múl.: Stefán Jóhannsson.

Hvar geturðu keypt STÉTTABARÁTTUNA?

SUÐURLAND:
Reykjavík: Rauða stjarnan, Lindargötu 15.
Bóksala stúdenta í Félagsstofnuninni v/ Hringbraut.
Einnig fæst blaðið nú í mrögum söluturnum.
Suðurnes: Umboðsm. Jónas H. Jónsson, Holtsgötu 26, Njarðvík.
Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsdóttir umboðsm., Vitastíg 3.
Vestmannaeyjar: Umboðsm. Guðrún Garðarsdóttir, Þorlaugsgerði.

VESTURLAND:
Hellissandur: Umboðsm. Sigfús Almarsson, Skólabraut 10.
Ísafjörður: Umboðsm. Jón Kristjánsson, Seljalandsveg 54.

NORÐURLAND:
Akureyri: Umboðsm. Guðvarður Gunnlaugsson, Helgamagrastræti 23.
Siglufjörður: Söluturninn, Aðalgötu selur Stéttabaráttuna og Rauða fánann.
Húsavík: Umboðsm. Þórarinn Ólafsson, Sólbrekku 5.
Sauðárkrókur: Umboðsm. Einar Helgason, Víðigrund 6 (3. hæð).

AUSTURLAND:
Borgarfjörður eystri: Umboðsm. Guðrún Steingrímsdóttir.
Neskaupstaður: Umboðsm. Peter Ridgewell, Miðhúsum.
Eiðar: Umboðsm. Stefán Jóhannsson.

Íslenskir námsmenn erlendis:

Nú getið þið keypt Stéttabaráttuna hjá umboðsmönnum okkar í nokkrum borgum á norðurlöndum.

NOREGUR:
Bergen: Umboðsm. er Guðmundur Sæmundsson 14-986 Fantoft Studentby, 5036 Fantoft.

SVÍÞJÓÐ:
Stokkhólmur: Umboðsm. er Magnús Sæmundsson, Sandstensvägen 89, 136 51 Handen.

DANMÖRK:
Århus: Umboðsm. er Magnús Þorgrímsson, Börglum Kolligiet v 444 Börglumsvej 2, 8240 Risskov.

Félagar áskrifendur.
Nú fer hver að verða síðastur til að borga áskriftina fyrir STÉTTABARÁTTUNA 1975. Enn eru nokkrir sem hafa trassað skil. Borgið inn á gíró 27810 sem fyrst.
Venjuleg áskrift kr. 600,-
Stuðningsáskrift - 800,-
Baráttuáskrift - 1000,-

FASISTAR SKIPULEGGJA LIÐIÐ!

Ýmislegt

„Þjóðernissinnar". Gerist stofnendur samtaka íslenzkra þjóðernissinna. Tilboð með upplýsingum um nafn, heimilisfang, síma og aldur sendist auglýsingadeild

Þjóðernissinnarnir, eins og fasistarnir kalla sig sjálfir, biðu alvarlegt skipbrot er þúsundáraríki Hitlers hrundi í rúst. Íslensku nasistarnir leystust upp sem skipulögð hreyfing fyrir stríð - þeir voru hreinlega gleyptir af Sjálfstæðisflokknum í kosningunum 1937. En það voru ekki allir nasistar á því að skríða aftur í móðurkviðinn - og þeir hafa gælt í huganum við "þá gömlu góðu daga" er þeir spókuðu sig í brúnstökkunum og réðust gegn 1. maí göngum verkalýðsins.

Nú hyggjast hinir tryggu fylgjendur Hitlers kalla saman liðið, og endur heimta suma sauðina aftur frá Sjálfstæðisflokknum.

Í síðasta tölublaði Stéttabaráttunnar skýrðum við frá útkomu fasistablaðsins Staðreyndir. Blaðið hefur nú komið út öðru sinni - og fasíski áróðurinn er öllu ljósari í þessu blaði. En það er fleira að gerast í herbúðum fasistanna, nú stendur fyrir dyrum að stofna á nýjan leik samtök þjóðernissinna. Nýlega birtist auglýsing (sjá mynd) í Dagblaðinu þar sem boðuð er stofnun þeirra. Með þessari auglýsingu reyna fasistarnir að hóa saman hjörð sinni - þeir álíta greinilega að nú sé tíminn kominn til að stinga að nýju fram sínum viðbjóðslegu böðulstrýnum. Það er tæplega tilviljun að fasískt blað hefur göngu sína og að stofnun samtaka er boðuð.

Vinstri menn!
Sósíalistar!
Kommúnistar!
Horfizt í augu við
STAÐREYNDIR
GEGN LÝÐRÆÐI FYRIR STJÓRNRÆÐI
Þær fást nú á öllum blaðsölustöðum.

Auglýsingin, sem Þjóðviljinn birti 1. nóvember s.l.

Einn háttur þessa máls er sú þjónusta sem tilbiðjendur Hitlers fá hjá Þjóðviljanum - málgagni þjóðfrelsis, verkalýðshreyfingar og sósíalisma, að eigin sögn. Fasistablaðið er sett og prentað í prentsmiðju Þjóðviljans - og Þjóðviljinn selur pláss undir auglýsingu frá fasistunum sem beinlínis er beint til andstæðinga fasismans (sjá mynd). Þessi afstaða aðstandenda Þjóðviljans er fordæmanleg, og það hefur þegar komið fram að margir alþýðubandalagsmenn eru andsnúnir þessari afstöðu ritstjórnar Þjóðviljans.

Það er réttmæt krafa allra heiðarlegra sósíalista - jafnt innan Alþýðubandalagsins sem utan að Þjóðviljinn hætti nú þegar allri þjónustu við fasistalýðinn.

Reyndar er það yfirlýst afstaða (á blaðsíðum) Þjóðviljans að prentsmiðjan taki að sér að prenta fyrir hvern sem er, og þar á meðal Upplýsingaþjónustu Bandaríkjanna. Það þykir mörgum því nokkuð hátt fall hjá fyrirtæki sem er upprunalega sett á laggirnar með framlagi margra sósíalískt þenkjandi verkamanna og annarra baráttumanna, að það skuli nú standa opið fyrir talsmönnum heimsvaldastefnu USA og íslenskum fasistum.

En í ljósi þess að úrkynjun sósíalískrar baráttuhreyfingar hefur náð svo langt á heimsmælikvarða, að gömlu kommúnistaflokkarnir eru nú helstu brautryðjendur fyrir sósíalheimsvaldastefnu Sovétríkjanna þá verður þessi afstaða Þjóðviljans auðskildari.

-/hh

Hér er smá sýnishorn af boðskap fasistablaðsins. En það voru einmitt "Hitler og kappar hans" sem fylgdu í verki kynþáttakenningum fasismans og hófu stórfellda útrýmingu á "óæðri kynstofnum." Fasistablaðrið um "übermenschen", þ.e. yfirburði hinna hreinræktuðu aría, á sinn fasta sess á síðum íslenska fasistasnepilsins.

hafði reyndar staðfest miskunnarlaust fyrir löngu, og fjöldi vísindamanna komizt að með rannsóknum sínum á undan honum, þótt þeir hafi e.t.v. ekki gert efninu jafn ítarleg skil eða haft sambærileg gögn til þess að vinna úr, þ.e. að hvíti kynþátturinn stendur hinum svarta framar í andlegu og sálarlegu tilliti frá náttúrunnar hendi.

Úr Nýja Verkamanninum

Samvinna einokunarherranna

Ef mark má taka á umræðum kaupfélagsmanna í málgögnum sínum, þá fáum við þar nokkuð heillega mynd af stefnu og hugmyndafræði samvinnuhreyfingarinnar í dag. Sú mynd kemur t.d. skýrt fram í grein Erlendar Einarssonar forstjóra SÍS í Boðbera K.Þ., sem hann nefndir "20 febrúar". Þar stendur m.a.: "Það þarf að fá almenning til þess að skilja, að aflið til átaka á öllum sviðum er aukin samvinna, mótvægi gegn hinni óvægu stéttabaráttu.."

Þessi mynd sem þarna blasir við okkur er algjörlega í andstöðu við samvinnuhugsjónina og samvinnuhreyfinguna á bernskuskeiði hennar.

Þegar íslenskar alþýðustéttir stofnuðu samvinnufélög, þá var ekki geng ið til samvinnu við auðvaldið - kaupmannavaldið í því tilviki - heldur sameinuðust þær í óvægri baráttu, stéttabaráttu gegn því. Vefararnir í Rochdale sem taldir eru upphafsmenn kaupfélaganna gengu ekki til samvinnu við breska auðvaldið, heldur til að berjast gegn því. Auðvitað leiðir þetta til harðari stéttabaráttu, því auðvaldið hvar í heimi sem er líður alþýðunni ekki þau kjör sem hún vinnur í raun og veru fyrir.

Stefnan sem Erlendur Einarsson heldur fram er því ekki á nokkurn hátt skyld hinni upprunalegu samvinnuhugsjón, þó svo hann noti orðið "samvinna" heldur er hún í fullkominni andstöðu við hana.

Erlendur vill að íslensk alþýða snúist á sveif með auðvaldinu, og ekki nóg með það, hann vill að hún gangi til samvinnu við það.

Þetta er ekki samvinnuhugsjón alþýðunnar, þetta er samvinnuhugsjón Erlendar Einarssonar og einokunarherranna hjá SÍS.

Samvinna verkamanna og bænda er aðkallandi verkefni einmitt nú á tímum versnandi lífskjara þessara hópa. Við megum ekki láta það á okkur fá þó einstakir menn reyni að spilla fyrir henni.

Þjóðskipulag það sem við stefnum að sósíamlisminn, byggist á völdum verkamanna og bænda og verður því að tryesta og efla samstöðu þessara hópa eins og frekast er unnt.

Og að lokum: Skyldi það ekki geta orðið okkur ærið íhugunarefni að samfara versnandi lífskjörum alþýðunnar, þá græðir SÍS og KEA á tá og fingri?

Friðþjófur.

Til lesenda

Stéttabaráttan er ekki blað allra landsmanna. Stéttabaráttan er blað fyrir verkalýðsstéttina í baráttu hennar fyrir þjóðfélagsvöldum. Þess vegna verður blaðið að vera í nánum tengslum við verkalýðinn.

Allir velunnarar blaðsins verða að vinna að því að gera blaðið að málsvara stéttarinnar í öllum málum hennar. Við skorum á alla lesendur blaðsins að taka þátt í mótun Stéttabaráttunnar með því að senda okkur línu um markverð atriði á vinnustöðunum.

Hafið þið einhverja gagnrýni fram að færa á efni blaðsins? Eða eruð þið ánægð með efnið? Það væri okkur mjög kærkomið ef þið létuð okkur á ristjórninni kynnast skoðunum ykkar - sendið okkur línu. Takið þátt í umræðunum um hin ýmsu málefni, svo sem húsnæðismál, verkalýðsbaráttuna, flokksbygginguna, uppbyggingu STÉTTABARÁTTUNNAR. Grípið stílvopnið, það þurfa ekki að vera neinar langlokur, stuttar greinar og ábendingar gera mikið gagn. Hvetjið einnig vini og kunningja til að skrifa til blaðsins.

Eflum STÉTTABARÁTTUNA sem vopn í þágu verkalýðsstéttarinnar.

FRÁ RITSTJÓRN

Eins og lesendur reka augun í þá fylgja þessu blaði 4 síður í öðru broti en venjulega. Með þessari tilhögun hefur ritstjórn tekið upp þá nýbreytni að láta prenta aukasíður sem eru 2/3 ódýrari í framleiðslu en þær stærri. Eins og lesendur vita þá hrjáir mjög plássleysið Stéttabaráttuna, við getum ekki komið öllu efni á þessar 8 blaðsíður mánaðarblaðsins. Aukin útgáfutíðni er auðvitað besta bótin, en það kostar töluvert fé og á meðan við höfum ekki fjárhagslegt afl til þess að gefa blaðið út tvisvar í mánuði þá notum við þessa aðferð sem sést hér í fyrsta skipti.

Annar "kálfurinn" fjallar um Angóla og er upphafið á flokki af greinum um einstök málefni sem eru á döfinni. Við höfum valið sérstakt nafn á þessu fylgiriti og vonum að þessi nýbreytni mælist vel fyrir hjá lesendum.

Hinn hlutinn er helgaður undirbúningi II. þings KSML. Við teljum það handhægt að prenta allar ályktanir og greinagerðir í þessu broti og þannig að hægt sé að taka þær úr blaðinu og hafa í sérstökum möppum ef menn vilja. En þetta er einnig, eins og fyrr segir, aðgerð til að ráða bót á plássleysinu.

Verkfall skriftvélvirkja

R. 21/11. Undanfarnar vikur hefur staðið yfir í Reykjavík verkfall skriftvélavirkja. Skriftvélavirkjar settu fram kröfur um föst lágmarkslaun, ákveðinn fjölda veikindadaga, 5 vikna orlof o.fl. Þrátt fyrir langt verkfall hafa enn ekki náðst samningar um grunnlaun, en krafa skriftvélavirkja er 100.000 kr. lágmarkslaun eftir þriggja ára starf. Aðspurður sagði skriftvélavirki einn, að hann byggist ekki við að verkfallið leystist fyrir áramót.

Afleiðingar verkfallsins hafa verið nokkrar. Skrifstofur hafa lent í erfiðleikum þegar tæki hafa bilað, og einstaka ríkisstofnun, t.d. Tollurinn hefur ekki getað starfað með fullum afköstum sökum bilana.

Eins og alltaf þegar hópar verkamanna fara í verkfall eru einhverjir til að brjóta það. Einstaka skriftvélameistari hefur lagt nótt við nýtan dag við að vinna og gera við tæki. En verkfallsbrjótarnir hafa ekki undan, svo að tíminn vinnur með verkfallsmönnum. Við verkamenn getum tekið skriftvélavirkjana okkur til fyrirmyndar með kröfuna um 5 vikna orlof á ári. Það er ábyggilegt að eins og vinnuþrælkunin er mikil á Íslandi að ekki veitir af lengri fríum. Krafa skriftvélavirkjanna um 100.000 kr. grunn laun er hárrétt, því það lifir enginn af minna, og verkamannalaun þyrftu að ná a.m.k. því marki til að þau væru lífvænleg.

Styðjum verkfallsbaráttu skriftvélavirkja.

Falsa ástandið

Þegar borgaralegir hagfræðingar tala um kjör verkamanna nota þeir venjulega tölustafi til að reyna að sannfæra menn um að þeir hafi það hreint ekki svo slæmt. En tölur segja aldrei alla söguna. Tökum dæmi: 40-60% tekna almenns verkamanns eru fengin með yfirvinnu, bæði eftir- og næturvinnu. Þegar yfirvinna minnkar rýrna eðlilega tekjurnar gífurlega. Þegar svona ástand er, kjósa borgaralegir hagfræðingar að tala um kaupmátt tímakaups. Þó yfirvinna sé öll tekin af, helst kaupmáttur tímakaups hinn sami, en kjaraskerðingin sem verkamenn hafa orðið fyrir kemur ekkert inn í dæmið. Það þarf enginn að vera hissa á því þótt mogginn geti sýnt fram á það með tölum að kjör verkamanna hafi ekker skerst í stjórnartíð íhaldsins.

Annað er líka vert að hafa í hgua: Gífurlega margir verkamenn vinna í stórframkvæmdum víða um land. Þeir vinna oft á vöktum allan sólarhringinn og um helgar. Þetta verður til þess að tekjur þeirra verða hlutfallslega háar í krónum, þó ekki séu þær háar miðað við að verkamennirnir verða að dvelja langdvölum að heiman og vinna mikla og erfiða vinnu. En borgaralegu talnaspekingarnir taka þau atriði ekkert með í reikninginn, og útkoman er sú að meðaltalstekjur verkamanna eru sýndar mun hærri en þær raunverulega eru, og það síðan notað til að rökstyðja að kjaraskerðingin sé ekki jafn mikil og hún er.

-/ÓI

Ríkið borgar ekki laun

Ung stúlka sem er sjúkraliði kom að máli við ritstjórn Stéttabaráttunnar og sagði okkur frá hvernig ríkið hefði staðið að launagreiðslum undanfarið. Um síðustu mánaðarmót fékk hún útborgað að venju. Greiðslan var ávísun á Landsbankann. Þegar hún fór í bankann og ætlaði að skipta ávísuninni fékk hún þau svör að því miður gæti bankinn ekki skipt ávísuninni því það væri ekki innistæða fyrir henni. Hún reyndi í fleiri bönkum en alls staðar var sama svarið: Við skiptum ekki gúmmítékkum. Það var ekki fyrr en tæplega vika var af nóvember að hún gat skipt ávísuninni og fengið launin sín. Þetta er dálítið dæmigert fyrir ríkisvaldið. Almúginn er sektaður ef hann slysast til að gefa út innistæðulausa ávísun, en ekkert er hægt að gera þótt ríkið borgi með gúmmítékkum. Eða skyldi ríkið fá sekt frá ríkisbankanum?

Hverjum er skólinn ætlaður?

Félagsmálaskóli alþýðu í Ölfusborgum starfaði frá 2. til 15. nóvember s.l. Í skólann komast 20 nemendur hverju sinni, en aðeins 16 sóttu hann að þessu sinni. Meðal viðfangsefna sem þar eru tekin fyrir eru margir athyglisverðir málaflokkar, s.s. skipulag verkalýðshreyfingarinnar, saga verkalýðshreyfingarinnar, heilbrigði og öryggi á vinnustöðu, vinnulöggjöfin o.fl. Aðstandendur skólans kvörtuðu yfir dræmri aðsókn í skólann, og að mörg verkalýðsfélög hefðu ekki sýnt því áhuga að senda fólk til hans. En það er ekki um það að ræða að verkafólk hafi ekki áhuga á skólanum - heldur er því þannig farið að ómögulegt er að komast í hann þótt maður vildi. Verkalýðsfélögin (a.m.k. Dagsbrún) hafa ekki auglýst eftir umsóknum um skólann. Hann hefur lítið sem ekkert verið kynntur meðal verkafólks og það þekkir hann ekki.

Út frá sjónarhóli venjulegs verkamanns virðist verkalýðsforustan velja menn á skólann en ekki æskja umsókna. Það er því ekki furða að maður spyrji hverjum skólinn sé ætlaður. Er hann uppeldisstöð fyrir væntanlega leiðitama veraklýðsforingja, eða er markmið hans að hækka menningarstig sem flestra verkamanna og kvenna?

FRAMHALD AF FORSÍÐU

Heilu hverfi útrýmt...

endurskipulagningu gamalla hverfa, þar sem kveðið er á um að skipulagsyfirvöld verði að hafa samráð við íbúa viðkomandi hverfis. Í öðru lagi voru (og eru) hús þau sem ryðja átti burt byggð með leyfi yfirvalda og á eignarlóðum, þannig að það er stjórnarskrárbrot að ætla sér að ryðja þeim burt án samþykkis íbúanna. Bærinn sem á forkaupsrétt á húsunum bauð litlar sem engar bætur, og bauð í raun aðeins upp á einn valkost fyrir íbúana: Að flytja á brott eða vera bornir út. 1971 hefjast framkvæmdir við lengingu Síðumúlans, og er þá bankað upp á íbúum húsanna sem voru í vegarstæðinu. Þeim er gert orð að koma á skrifstofu borgarverkfræðings og tala við skrifstofustjórann, sem þá var Ellert Schram. Ellert sagði íbúunum að hafa sig á brott úr húsunum áður en þau yrðu brotin niður, og ennfremur að þeim bæru engar bætur fyrir. En **auðvitað sátu ekki allir við sama borð hvað þetta** snerti: Kaupmaður hverfisins sem er þekktur sjálfstæðismaður fékk góðan pening fyrir sitt hús þó að það væri nú ekki í vegarstæðinu, og auk þess gerði borgin honum þann greiða að útvega honum lóð undir nýtt verslunarhús. Íbúarnir hafa eðlilega ekki sætt sig við þessi úrslit, og þeir hafa barist gegn þessu með öllum tiltækum ráðum. Nokkur hús hefur borgin keypt fyrir smánarverð en reynir nú allt sem hún getur til að flæma þá sem eftir sitja á brott.

Þvingunaraðgerðir borgaryfirvalda


Hús þeirra sem enn ekki hafa látið flæma sig á brott eru í hálfgerðu umsátri. Heimkeyrslum hefur verið lokað með skurðum, moldarhaugum, háum köntum o.s.frv. Íbúunum hefur verið neitað um hitaveitu, þó að hitaveitulögnin sé aðeins steinsnar frá. Hústryggingar Reykjavíkurborgar hafa neitað að tryggja hús margra íbúa hverfisins, svo **þeir hafa neyðst til að kaupa hús**tryggingu annars staðar gegn mun hærra iðgjaldi. Vinnuflokkar hafa komið með stórvirkar vélar og fært girðingar og garða, og stórhýsi hafa verið byggð inn á gafl á húsunum sem fyrir voru. Við Síðumúlann hefur risið hvert stórhýsið á fætur öðru, þar sem er athvarf heildsala og braskara, að ógleymdum stjórnmálaflokkunum. Þótt íbúarnir vildu fegnir fara á brott komast þeir ekkert, því þeir geta ekki selt, bærinn vill ekki kaupa, og það getur enginn ætlast til þess að þeir sem byggðu þessi hús, með fullu leyfi yfirvalda, á sínum tíma, hverfi úr þeim án þess að fá nokkrar bætur. Þetta er flest fólk yfir miðjum aldri sem ekki hefur þrek í að byrja á nýjan leik með tvær hendur tómar.



Þjóðviljahöllin stendur þarna upp í gafli á öðru húsi, inn á lóð þess. Er þjóðviljahúsið Ármannsfell þeirra alþýðubandalagsmanna?



Þessi mynd sýnir vel hvaða aðferðir eru notaðar til að kúga íbúa Múlahverfis: Gæðingar borgarstjórnaríhaldsins hafa rótað og rutt öllu upp við þetta hús - síðan tala þeir hátt um að hverfið sé heilsuspillandi.



Þetta kort, sem ljósmyndað er af lóðasamningi eins íbúanna í Múlahverfi sýnir hvernig Síðumúlinn átti samkvæmt skipulaginu að koma niður á Ármúlann mun austar en hann gerir núna. Húsin á krotinu í kringum nr. 112 eru nú horfin, og Síðumúlinn liggur yfir grunna þeirra

Pólitískur skollaleikur

Eins og alþjóð veit, eru öll hin æðstu embætti á vegum borgarinnar, bitlingar og uppeldismiðstöð fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Íbúar Múlahverfis hafa gengið frá manni til manns með mál sín, og ekkert fengið nema svik á svik ofan. Þeim hefur verið lofað lóðum annars staðar til að byggja, en það hefur verið svikið. Þeir hafa leitað til ráðuneytanna með mál sín án þess að þau hafi séð ástæðu til að stemma stigu við lögbrotum bæjarins á þessu fólki. Skipti þar ekki máli þó að "alþýðuvinirnir" Björn Jónsson og Hannibal Valdimarsson hefðu á tímabili haft með þessi mál að gera er þeir voru félagsmálaráðherrar.

Borgarstarfsmenn hafa ráðist gegn mannorði íbúanna með að dreifa út sögum, m.a. til fjölmiðla um að í Múlahverfi væri óreglufólk, húsnæðið væri heilsuspillandi, húsin ólögleg og hverfið mannskemmandi. En þetta eru allt lygar.

Blaðamönnum Stéttabaráttunnar var boðið inn í hlýleg hús þar sem allt bar merki snyrtimennsku og reglusemi. Húsin báru þess greinilega merki að íbúarnir hugsuðu vel um þau og héldu þeim vel við. Mörg húsanna voru umkringd skemmtilegum görðum sem greinilega hafði verið lögð mikil vinna í. En það er gamla ráðið sem braskararnir nota: Geti þeir ekki á svipstundu braskað með eignir alþýðufólks er um að gera að braska með mannorð þess og heiður.

Af hverju þegja fjölmiðlarnir um þetta mál?

Það er hverjum manni ljóst hvers vegna málgögn íhaldsins tala ekki um þetta mál nema til að níða íbúana niður. Tíminn, Alþýðublaðið, Ný-Þjóðmál og Þjóðviljinn hafa séð af plássi til að ræða málefni íbúa hverfisins fyrir kosningar en síðan ekki söguna meir. En nú kynni margur að spyrja hvers vegna Þjóðviljinn sem lýsir sig reiðubúinn til að verja rétt lítilmagnans hefur ekki gert þetta að umræðuefni. Ástæðan er einföld: Þjóðviljinn er að byggja hús við Síðumúla, á lóð sem samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur átti að vera grænt svæði. Þjóðviljahúsið stendur inn á landaeign annars fólks og ef menn líta bak við nýja þjóðviljahúsið sjá þeir u.þ.b. tvo metra frá gafli þess lítið hús sem senn verður rifið vegna þess að "málgagn sósíalisma, verkalýðshreyfingar og þjóðfrelsis" þarf olnbogarými, jafnvel þótt það kosti að brotin séu lög og mannréttindi á íbúanum sem bjó á lóðinni fyrir. Ástæðan fyrir því að Þjóðviljinn talar ekki um þetta mál er sú að nýja þjóðviljahúsið er byggt á grænu svæði, það er þeirra "Ármannsfell".

Samantekt

Það er ljóst að hafi einhvers staðar mannréttindi verið fyrir borð borin þá er það gagnvart íbúum Múlahverfis. Fyrir utan lögbrot og mannorðsskemmandi árásir yfirvalda, lifa íbúarnir í stöðugri óvissu um framtíðina. Enginn þeirra veit hvort þeir verða bornir út eða hvort einhver annar valkostur býðst. Það eina sem þeir geta gert í dag er að bíða og sjá hverju fram vindur.

Eins og fyrr sagði er þessi grein sú fyrsta í röð greina um þetta mál. Við viljum hvetja alla lesendur Stéttabaráttunnar til að styðja baráttu íbúanna í Múlahverfi fyrir tilveru sinni, og við skorum á Alþýðubandalagið og stuðningsmenn þess að gera hreint fyrir sínum dyrum um þetta mál.

Barátta íbúanna í Múlakampi er okkar barátta.

ÓI/HH

ÚREINU ÍANNAÐ

Hin langa deila milli himnaríkis og helvítis um það hvor staðurinn skuli hýsa Frankó virðist nú vera á enda. Á meðan málið var óútkljáð var Frankó haldið hérna megin grafar með allskonar vélabrögðum. Það er skoðun undirritaðs að Frankó hafi hafnað í himnaríki - því andskotinn er slyngur samningamaður og lætur ekki snúa á sig síðan Sæmundur fróði veitti honum þarfa lexíu í Svartaskóla forðum daga. En Frankó er vel að himnaríkisvistinni kominn, því hann studdi kirkjuna og hún studdi hann, og það hefur verið eitt af trompum Satans í samningamakkinu um sálu einræðisherrans.

Fyrirbærið Alexander Solzhenitsin hefur komið víða við. M.a. hélt hann ræðu í boði AFL-CIO (bandaríska alþýðusambandið) í Washington þ. 30. júní í ár. Þar kom þessi "gagnrýnandi sósíalismans" fram í fullum skrúða sem talsmaður auðvaldsins. Í sannkristnum anda (en hann er kristinn vel og er samkv. nýjustu fregnum að íhuga klausturvist) segir Solzhenitsin að honum sé óskiljanlegt hversu slappir (flabby) amríkanar voru í Víetnam. Hann er ekki að skafa utan af því - hann gerist opinskár talsmaður bandarísku heimsvaldastefnunnar. Þessi höfundur bóka eins og "Gulag eyjaklasinn" - sem er ætlað að segja sannleikann um sósíalismann í Sovétríkjunum á tímum Leníns og Stalíns, hefur það eitt til málanna að leggja varðandi bandarísku heimsvaldastefnuna að hún sé "flabby" - of slöpp. Þess ber að geta að gestgjafarnir í veislunni þar sem Solzhenitsin hélt ræðuna, AFL-CIO, eru eitt helsta verkfæri CIA til þess að vinna skemmdarverk á verkalýðshreyfingunni víða um heim. Hæfir skel kjafti.

Hægri-maóistar, vinstri-maóistar, maó-stalínistar, maóistar, stalínistar og nýstalínistar. Ef einhver er maóisti, þá er hann stalínisti jafnframt - og síðan er hann maóstalínisti og ennfremur annaðhvort hægri- eða vinstri-maóisti (og kannski hægri eða vinstri-maóstalínisti og/eða vinstri eða hægristalínisti og eins getur hann reynst ný-stalínisti). Þannig hljóðar hið algilda skilgreiningarkerfi trottanna í Fylkingunni þessa dagana. Trotskistar eru bara trottarar (þ.e. byltingarsinnaðir marxistar), en maóistar hafa úr miklu meira að velja - a.m.k. ef skilgreiningum Fylkingarinnar er fylgt út í æsar. (Það er því ekki að furða að Fylkingin skuli einangrast æ meira - hún býður ekki upp á neina fjölbreytni, og það er nú það sem fólkið vill.) En svona í fullri alvöru þá er það merkilegt rannsóknarefni að trottarar skuli vera svo hárnákvæmir í skilgreiningum sínum á ofannefndum ismum - því þeir sleppa allri nákvæmni þegar greina skal bandamenn verkalýðsins frá óvinum hans. Þá er öllu skellt í einn graut og útkoman verður öfgafull "vinstri"-einangrunarstefna - eins og dæmið um afstöðu þeirra til baráttunnar í Víetnam sannar rækilega.

Þegar flett er í gegnum blaðsíður Neista á þessum síðustu og verstu uppgangstímum trottanna, þá getur að líta heilan sjó af allrahanda vígorðum. Um mörg vígorðanna eru ekki samhljóma raunverulegum kenningum trottanna, tökum dæmi: Í 9. tbl. Neista 1975 eru vígorð eins og þessi: "Sósíalíska byltingu í Chile." - Styðjum baráttu MPLA fram til sósíalísks Angóla" - "Lifi sósíalískur Spánn" - "Fyrir sósíalíska byltingu á Spáni" - "Til baráttu fyrir sósíalískum Pyreneaskaga." "Styðjum byltingarbaráttuna í Portúgal."

Í byltingareldmóðinum hefur skríbentum Neista yfirsést hið mikilvæga atriði - sem er eitt af grundvallaratriðum í fræðirugli Trotskís sjálfs - nefnilega að sósíalisminn er óframkvæmanlegur í einu landi. Sú eina bragarbót sem til greina kemur er eitt alsherjar vígorð: "Lifi sósíalískur alheimur. Það má ekki nefna einstök lönd - því sósíalisminn er jú óframkvæmanlegur í hverju landi fyrir sig, segir Trotskí. Þið verðið því að reyna að sitja á strák ykkar, kæru trottarar, og fást ekki við slíkan tittlingaskít eins og sósíalisma í einu einstöku land, svona út af fyrir sig.

Sendinefnd Íslands á allsherjarþingi SÞ var alþjóðlega auðvaldinu trú þegar hún greiddi atkvæði gegn því að síonisminn væri kynþáttastefna. Síðan hafa verið umræður í borgarafjölmiðlunum um hversu hættulegar samþykktir sem þessi væru alþjóðlegu samstarfi, og í fúlustu alvöru var talað um hefndarráðstafanir gegn SÞ. En þeim ætlar seint að lærast þessum herrum að þvingunaraðgerðir og gagnráðstafanir, hvað þá íslensk atkvæði, afmá ekki þann raunveruleika sem palestínuarabar búa við. Íslenska ríkisstjórnin trúir víst "rökum" síonista þegar þeir segja að "guð hafi lofað þeim landinu og þess vegna verði palestínuarabar að víkja!" Ef þetta er rétt eru þeir kollegar Geir og guð - báðir í lóðabraski!

-/Gorgeir

Baráttan fyrir 8 stunda vinnudegi

Ein af meginkröfum verkalýðsstétttarinnar í áratugi var krafan um átta stunda vinnudag. Eftir harðvítuga baráttu var átta stunda dagvinna lögfest, og það var stór sigur á sínum tíma. En hvað varðar möguleika verkalýðsstéttina til að framfleyta sér hefur átta stunda vinnudagur reynst pappírsplagg eitt. Dagvinnutekjur verkamanna hafa aldrei nægt til framfærslu hans. Þegar kaupmáttur launa var mestur, í mars 1974, nægðu tekjur af dagvinnu aðeins fyrir u.þ.b. 65% framfærslukostnaðar, og í dag er þetta hlutfall komið niður í 50%.

Eins og málum er háttað er það verkalýðnum lífsnauðsyn að vinna yfirvinnu. Hver verkamaður og kona grípa bókstaflega hvert tæki færi sem gefst til að ná í aukavinnu. Þetta ástand kmeur hart niður á verkafólki. - Verkamannavinna er þreytandi og slítandi og þegar yfirvinnan er mikil er fólk rænt öllum tækifærum til að hvíla sig og dvelja með fjölskyldu sinni. Þegar bæði hjónin vinna úti ganga börnin oft sjálfala og eðlilega skapar slíkt vandamál. Þetta er ein af ástæðum þess að berjast verður fyrir að átta tíma dagvinna nægi fyrir framfærslu. Verkafólk á rétt á því eins og aðrir að hvíla sig frá vinnu og dvelja með fjölskyldu sinni. Launaþrælkunin er glæpur gagnvartbörnum verkafólks.

Á krepputímum eins og í dag, tala borgaralegir hagfræðingar gjarna um kaupmátt tímakaups. Það er þeirra aðferð til að falsa ástandið vegna þess að minnkandi yfirvinna sést ekki þegar talað er um kaupmátt tímakaups, því hún skerðir hann ekki. Undanfarnir samningar hafa byggt á því að fyrir hendi væri næg yfirvinna. Opinberar tölur sýna, að meðaltal tekna af yfirvinnu er 40% af heildartekjum verkamanna. Með því að yfirvinna minnkar eða hverfur eru því kjör verkafólks skert um 40% án þess að brotnir séu samningar eða verkafólk geti bætt sér upp kjaraskerðinguna. Þetta er önnur ástæða þess að berjast verður fyrir raunverulegum 8 tíma vinnudegi er nægi til framfærslu.

Verkafólk ber enga ábyrgð á kreppu auðvaldsins. Með striti okkar höfum við skilað milljónagróða í vasa auðherranna, og með vinnu okkar höfum við skapað öll verðmæti þessa lands. Það er kominn tími til að vkð rísum upp og sýnum bröskurunum og bitlingasnötunum í tvo heimana.


-/Dagsbrúnarsella KSML

Björn Jónsson! Úrtölur þínar þjóna auðvaldinu

Í viðtali við Alþýðublaðið (18.11.) viðrar Björn Jónsson, forseti ASÍ, skoðanir sínar á stöðunni í kjaramálum. Það þarf engum sem gerir sér grein fyrir eðli ASÍ-klíkunnar að koma á óvart skoðanir Björns: "Þegar verðbólgan er yfir 50% á ársgrundvelli er útilokað með öllu að efna til kapphlaups við verðbólguskriðuna." Út úr viðtalinu skín alls staðar að það er alls ekki ætlun ASÍ að reyna að ná aftur þeim kjaraskerð ingum sem framdar hafa verið. Loðið tal er um að stemma verði stigu við verðhækkunum og að berjast verði fyrir kjarabótum í áföngum. En gera mennirnir sér ekki grein fyrir að þessar "áfangakjarabætur" eru enn vonlausari en full kjarabót í verðbólgunni? Allir undanfarnir samningar hafa falið í sér örlitla áfangahækkun miðaða við rautt strik eða annað. Næsta kjarabót kemur 1. des., og verður hvorki meira né minna en 0,6%. Því er ekki þannig farið að verðhækkanir hafi ekki verið meiri en svo að kjarabótin verði þess vegna svona lítil. Nei, 9 manna nefndin samdi um það í síðustu samningum að verðhækkanir á búvörum skyldu ekki bættar. Á máli ASÍ-manna heitir þetta alls ekki hækkun á búvörum, heldur hækkun á launum bænda, sem auðvitað er allt annar hlutur. Nú, og hvað gerir Geir góði. Hann auðvitað hækkar búvörurnar og eykur þar með fæðiskostnað verkafólks um 40%.

Annar máti á samningum þeirra ASÍ-manna er að semja upp á munnleg loforð. Guðmundur J. Guðmundsson sagði á Dagsbrúnarfundi, þegar greidd voru atkvæði um samningana, að "Geir Hallgrímsson væri einn sá alúðlegasti og besti maður að tala við sem hann hefði nokkurn tíma átt viðræður við um kjaramál. Geir hefði eiginlega lofað því að matvæli skyldu ekki fylgja verðhækkununum." En það er greinilegt að Geir leggur annan skilning í loforð sín en verkalýðsforystan.

En snúum okkur aftur að viðtalinu við Björn: "Kjaramálin eru óleysanleg með hefðbundnum aðferðum - nú verður að beita aðferðum stjórnmálalegs eðlis." Vafalaust á Björn þarna við að það þýði ekkert að ætla sér að fá launahækkanir, verkafólk verði bara að kjósa Alþýðuflokkinn og fá ríkisstjórn sem er "hliðholl" verkalýðnum. Ekki skaðar það fyrir Björn að sennilega fengi hann þá ráðherrastól og himinhá laun og ýmis fríðindi. Við erum sammála Birni um að kjaramálin verða ekki leyst með hefðbundnum aðferðum ASÍ-forystunnar, þ.e. makki og undanslætti og smánarsamningum. En það er fullvissa okkar að standi verkafólk sjálft að samningagerðinni en vísi ASÍ-forystunni inn á kjaftasali Alþingis þar sem þeir eru best geymdir, séu kjaramálin mun betur á veg með að leysast.


...stöðvaður.
Það er mitt álit, að kjaramálin séu nú óleysanleg með hefðbundnum aðferðum. Nú verður að beita öðrum aðferðum stjórnmálalegs eðlis, ef árangur á að nást.

Verkamenn. Undansláttur og kjaftavaðall Björns Jónssonar og annarra ómerkilegra pappíra þjónar atvinnurekendum.

Búumst til baráttu - annars verðum við yfirunnir.

Ályktun frá Árósum

Eftirfarandi ályktun var samþykkt samhljóða á fundi Íslendingafélagsins í Árósum sem haldinn var 31. október s.l.:

"Fundur Íslendingafélagsins í Árósum, haldinn 31. október 1975 vitnar til fyrri ályktunar félagsins frá 21. okt. sl. og fordæmir um leið aðgerðir ríkisstjórnarinnar, sem lýsa algerri fyrirlitningu á lífshagsmunum námsmanna.

Kröfur námsmanna um full lán miðað við mismun tekna og framfærslukostnaðar (100% umframfjárþarfar) geta einvörðungu talist sanngjarnar og réttmætar, en þó hefur ríkisstjórnin virt þær að vettugi. Langtum stærst er þó ósvífni ríkisstjórnarinnar í nýframlögðu fjárlagafrumvarpi, þar sem 50% skerðingu námslána er hótað (miðað við 84% umframfjárþarfar og úrelt mat á fjárþörf). Bein afleiðing af ofangreindu er að námsmenn eru nú þegar teknir að hrekjast heim frá námi ásamt fjölskyldum sínum. Slík eyðilegging á viðleitni fólks til menntunar vitnar um afturhaldsviðhorf ríkisstjórnar sem við getum á engan hátt sætt okkur við og munum berjast gegn af öllu afli.

Fundurinn fagnar þeim stuðningi sem verkalýðshreyfingin hefur veitt baráttu námsmanna og skorar á hana að standa vörð gagnvart ríkisstjórninni um lífskjör okkar, styrkþega almannatrygginga og verkafólks, sem náðst hafa með langri og strangri baráttu og berjast við hlið okkar gegn öllum kjaraskerðingartilraunum ríkisstjórnarinnar.

Við hvetjum launafólk og námsfólk til að efla sameiginlega baráttu gegn kjaraskerðingu ríkisstjórnarinnar, uns kröfum er fullnægt og ríkisstjórninn knésett."

Viðtal við Njál Gunnarsson verkamann:

„Það er kominn tími til að spyrna við fótum"



Frá því að við birtum greinina um Baráttusamtök verkafólk í síðasta tölublaði Stéttabaráttunnar höfum við fengið fyrirspurnir um samtökin. Nokkuð hefur borið á því að menn heyrðu kjaftasögur um BSV, sem greinilega eru samdar með það fyrir augum að níða samtökin niður. Til að skýra betur markmið samtakanna tók Stéttabaráttan eftirfarandi viðtal við Njál Gunnarsson, einn meðlima framkvæmdarnefndar BSV. Njáll er 49 ára gamall Dagsbrúnarverkamaður, sem staðið hefur framarlega í verkalýðsbaráttunni um árabil.

-Stb.: Hvers vegna voru Baráttusamtök verkafólks stofnuð?

Njáll: Þau voru stofnuð vegna þess að það var orðin knýjandi nauðsyn fyrir verkafólk að rísa upp til baráttu fyrir lífsviðurværi sínu. Það er ekki að heyra á forystumönnum ASÍ að þeir séu tilbúnir að fara út í baráttu fyrir kauphækkunum, heldur hafa þeir einhverjar aðrar "lagfæringar" í huga. Það ástand að verkafólk verður að þræla fast að tvöföldum vinnutíma til að hafa í sig og á er m.a. um að kenna stefnu ASÍ-forystunnar sem ekkert hefur viljað leggja í sölurnar til að vinna að því að 8 stunda vinnudagur verði staðreynd. Þeir hafa fremur stólað á að samningar gæfu verkafólki "tækifæri" til að framfleyta sér með yfirvinnu. Atvinnurekendur hafa viljað ná sem mestri vinnu út úr hverjum verkamanni, því það er ljóst að meiri vinna gefur meiri gróða, og ASÍ-forystan hefur stutt þá í þessu.

Það hafa verið gerðir tvisvar sinnum samningar þar sem ASÍ-forystan hefur hreinlega látið verkafólk samþykkja það gerræði ríkisvaldsins að afnema vísitölubætur á laun. Þannig hafa þeir raunverulega verið að gera verkafólk ábyrgt fyrir afleiðingunum af kreppu auðvaldsins.

-Stb.: Þú segir að ASÍ-forystan hafi látið verkalýðinn samþykkja þetta?

Njáll: Verkalýðsforystan hefur barið samningana í gegn án þess að fólk fengi tækifæri til að kynna sér þá. Ræðutími verkamanna sem hafa viljað andmæla á fundum þegar samningar eru upp bornir er takmarkaður meðan forystan hefur ótakmarkaðan tíma. Oft hafa verið gefnar ónógar og jafnvel villandi upplýsingar um samningsdrögin. T.d. kom það mörgum á óvart þegar ljóst var í haust að verðhækkanir á landbúnaðar afurðum og fleiru hefðu ekki áhrif á vísitöluútreikninga sem færa eiga verkalýðnum launauppbót. ASÍ samdi um þetta.

Þá reyna verkalýðsforingjarnir að hræða fólk með því að ef samningarnir verði ekki samþykktir nú, megi búast við löngu verkfalli. Og auk þess virðist vera nokkur hópur manna, a.m.k. innan Dagsbrúnar, sem er ávallt reiðubúinn til að samþykkja það sem forystan vill.

Þess vegna er það fyllilega réttmætt að segja að verkalýðsforystan hafi látið verkafólk taka á sig ábyrgð á kreppu auðvaldsins.

-Stb.: Hvað segir þú um þær kenningar sem m.a. margir verkalýðsforingjar hafa sett fra, að launahækkanir séu orsök verðbólgunnar?

Njáll: Því hefur verið haldið fram, að launahækkanir, og ekki síst vísitölubæturnar væru helstu verðbólguvaldurinn. Ef þessi kenning væri rétt, hefði engin verðbólga verið síðustu mánuði þar sem vísitölubætur á laun voru bannaðar og kjör verkafólks fóru stöðugt versnandi. Það er hins vegar augljóst að þegar vísitölubætur eru ekki í gildi og vaxandi verðbólga þýðir ekki hækkuð laun verkafólks er ekkert sem hindrar verðbólguspekúlantana í að snúa verðbólguhjólinu sem hraðast og auka þannig gróða sinn. Vísitölubætur á laun eru því frekar hemill á verðbólguþróunina.

-Stb.: Nú hafa þær sögur farið á kreik að BSV sé samsæri KSML og Fylkingarinnar, meðlimir BSV séu eingöngu menntamenn o.þ.h. Hvað vilt þú segja um þetta?

Njáll: Þessar sögur hafa farið fram hjá mér, og ég veit ekki hvaðan þær eru sprottnar. En sé hér um eitthvað samsæri að ræða, þá er það samsæri gegn auðvaldinu og þjónustu ASÍ-forystunnar við það. Í BSV er fólk frá öllum róttækum samtökum, flestum flokkanna og að auki erum við nokkrir sem hvergi erum bundnir í flokka eða samtök.

BSV eru áháð öllum pólitískum flokkum og samtökum og eru því vettvangur fyrir allt verkafólk sem ekki vill láta traðka lífskjör sín endalaust niður í svaðið. Um það atriði að þetta séu einhver samtök menntafólks, þá eru það skilyrði fyrir inngöngu í samtökin að menn stundi verkamannavinnu til sjós eða lands. Telji einhver þann hóp til menntamanna hef ég ekki nema gott eitt um það að segja, því það er fleira mennt un en það sem lærist í skólum.

-Stb.: Nú er fyrirhuguð kjaramálaráðstefna 29-30 nóvember. Hvaða mögulegur ávinningur heldur þú að verði af ráðstefnunni?

Njáll: Þetta verður ráðstefna þar sem starfandi verkafólk ræðir um sínar eigin kröfur, reynir að samstilla þær og búa sig til baráttu. Ef vel tekst til gæti þetta orðið upphafið að þróttmikilli baráttu verkafólks fyrir lífibrauði sínu og réttindum. Munurinn á þessari ráðstefnu og kjaramálaráðstefnu ASÍ er sá að þarna ræðir verkafólk um sín mál, en á ráðstefnu ASÍ mun verkalýðsaðallinn, flestir háttlaunaðir embættismenn, alþingismenn o.fl. ræða um hvaða kjör eigi að skammta verkafólki. Þeir eru ekki að ræða sín eigin kjör, þau ákvarðast á allt öðrum vettvangi og þeirra lífsafkoma er langtum betri en verkafólks að það er ekki hægt að líkja því saman. Á ráðstefnu ASÍ verður ekki skipulögð barátta sem færir verkafólki þær kjarabætur sem nauðsynlegar eru til að forða neyðarástandi á alþýðuheimilum, þegar dregur úr yfirvinnunni. Það er því auðsætt að við verkafólk verðum að hætta að treysta á skrifstofuveldi verkalýðsforystunnar en skipuleggja okkur sjálf. Þetta er sá eini valkostur sem við höfum. Að færa verkalýðsbaráttuna út af skrifstofunum og til verkafólks.

-Nú er farið að líða á kvöldið, og vinna í fyrramálið, svo við spyrjum Njál, hvort það sé eitthvað sem hann vilji segja að lokum.

Njáll: Ég vil aðeins skora á verkafólk að taka þátt í ráðstefnunni og baráttunni sem framundan er. Það er ekki seinna vænna. Kjörum okkar hefur verið þrýst það langt niður að tími er til kominn að við spyrnum við fótum.

-Viðtal tekið þ. 21/11 -/ÓI

FRAMHALD AF FORSÍÐU

ASÍ

kjör en verkalýðurinn sem þeir eiga að vera fulltrúar fyrir. Sem dæmi um það má benda á bifreiðaeign sumra þeirra, en hún væri sæmandi hvaða milljónera sem er, en jafnframt langt fyrir ofan fjárhagslega getu venjulegs verkafólks. Þetta er bara lítið dæmi, en þó skýrt um stöðu þeirra í dag. Í dag hefur ASÍ engin formleg völd yfir aðildafélögunum - en aukin völd ASÍ þýðir tryggari stöðu þessara manna sem svo vel búa. Þeim eru kjör sín kær og stefna augljóslega að því að auka þau og tryggja, það er í þessu samhengi sem við verðum að skoða afstöðu þeirra til væntanlegra breytinga á vinnulöggjöfinni. Ef fyrirhugaðar breytingar ná fram að ganga verða stöður toppklíkunnar bundnar í lögum, og því er þess tæplega að vænta að þeir berjist gegn breytingunum nema því aðeins að sterk hreyfing meðal verkafólksins sjálfs neyði þá til þess að taka afstöðu gegn þeim í orði.

Starfsaðferði ASÍ-toppanna í dag sýna að þeir stefna að auknu miðstjórnarvaldi. Hin s.k. níumannanefnd er eitt dæmið. Einn nefndarmanna, Björn Þórhallsson, formaður Landssambands ísl. verslunarmanna, sagði nýlega í viðtali "að þróunin stefni að auknum áhrifum heildarsamtakanna (þ.e. ASÍ/innsk. hh). Samkvæmt íslenskri vinnulöggjöf er vald þeirra ákaflega lítið, því endanlegt ákvörðunarvald er hjá einstökum aðildarfélögum. Að margra dómi hefur þessi mjög mikla valddreifing marga ókosti og veikir áhrifamátt launþega" (VR-blaðið, júní 1975). Hér er það skýrt að nefndarmenn telja það ókost að endanlegt ákvörðunarvald sé hjá einstökum félögum, þeir telja launþega standa betur að vígi ef hið svokallað samflot (sem þýðir ekkert annað en að örfáir forystu menn loka sig inni á fundum með atv. rek. eftir að hafa safnað eins mörgum umboðum og hægt er frá verkalýðsfélögunum víðs vegar um landið) breytist í formlegt miðstjórnarvald.

Þetta samflot, sem er orðin regla að því er virðist er töluvert frábrugðin þeirri samstöðu sem einkenndi verkalýðsbaráttuna áður fyrr. Samflotið er verk forystunnar og nýst í kringum virkni hennar á vökufundunum, en samstaðan í baráttunni náði til verkalýðsfjöldans sem tók virkan þátt í alls konar aðgerðum (hér má minna á Borðeyrardeiluna, Novuslaginn, Hlífardeiluna o.fl.).

Ólafur Hannibalsson, skrifstofustjóri ASÍ, hefur rætt í grein (birt í Vinnunni og Þjóðviljanum) um gagnrýnina á starfsaðferðir forystunnar. Öll sú grein miðar að því að rökstyðja kosti allsherjarsamflotsins - og þrengja lýðræðið. Ólafur telur að gagnrýnin eigi ekki rétt á sér - þvert á móti snýst hann til sóknar gegn því lýðræði sem enn fyrirfinnst innan ASÍ. Hann fullyrðir að svifasein vinnubrögð forystunnar eigi sér orsök í valddreifingunni og setur fram harða kosti: "Vilji menn að verkalýðssamtökin verði skjótvirkt vopn og biturt í baráttunni, verða menn einfaldlega að veita þeim mönnum sem treyst er til forystu meiri völd og ábyrgð." (Þjóðviljinn 13.8. '75).

Þessi niðurstaða Ólafs er þveröfug við reynslu undanfarinna ára. Því meiri völd sem ASÍ-forystunni hefur tekist að draga að sér - því ver hefur verkalýðshreyfingin staðið gegn sókn auðvaldsins. Beinasta leiðin til að sljóvga baráttuna er að auka völd toppklíkunnar.

Vinnubrögð og stefna ASÍ-forystunnar og lagabreytingartillögur VSÍ hafa sama markmið - að skerða enn frekar baráttumátt verkalýðshreyfingarinnar. Það er því augljóst að árangursrík barátta gegn auðvaldsárásunum verður einnig að snúast gegn svikurunum í æðstu embættum ASÍ.

-/hh

45 ÁR FRÁ STOFNUN KOMMÚNISTAFLOKKS ÍSLANDS

Baráttusaga verkalýðsins

29. nóvember eru liðin 45 ár frá stofnun Kommúnistaflokks Íslands. KSML munu minnast þess með veglegum hætti: 30. þ.m. verður alm. fundur og er hann auglýstur hér annars staðar í blaðinu og væntanleg er pappírskilja á vegum Verkalýðsforlagsins, sem verður sú fyrsta af fimm í bókaflokki þeim, er hlotið hefur nafnið Safn til sögu Kommúnistaflokks Íslands 1930-38.

Hér í Stéttabaráttunni munu á næstunni birtast viðtöl við gamla félaga KFÍ, auk endurprentunar á markverðum greinum úr aðalmálgagni flokksins, Verklýðsblaðinu, og öðrum blöðum, er gefin voru út á vegum KFÍ. Í þessu tbl. birtum við viðtöl við Brynjólf Bjarnason, formann Kommúnistaflokks Íslands og Þórunni Magnúsdóttur, er var félagi í Félagi ungra kommúnista í Reykjavík. Auk þess birtum við grein úr Verklýðsblaðinu frá 13. des. 1932, sem gefur nokkra hugmynd um kreppuástand þessa tímabils, sem kostaði atvinnuleysi fyrir margan verkamanninn.

Þórunn Magnúsdóttir, kennari, var meðlimur í Félagi ungra kommúnista í Reykjavík frá 1934. Þegar Kommúnistaflokkurinn sameinaðist vinstra armi Alþýðuflokksins urðu meðlimir FUK stofnendur Æskulýðsfylkingarinnar og Sósíalistaflokksins. Nú í seinni tíð hefur Þórunn hins vegar einbeitt sér að störfum í kvennasamtökunum og situr nú í stjórn Menningar- og friðarsamtaka íslenskra kvenna.

Við tókum Þórunni tali og báðum hana að skýra fyrir okkur starfsemi Félags ungra kommúnista í Reykjavík.

„Við vorum hluti af verkalýðsstéttinni"

- Til að byrja með vil ég benda á það, að almenn þátttaka félaga í daglegri starfsemi var mjög mikil og skipti þá ekki máli, hvort slík störf væru álitin "merkileg" eða bara "snatt". Öll tókum við þátt í sölu á málgagni Sambands ungra kommúnista (en svo nefndust landssamtökin - aths. spyrjanda), Rauða fánanum, auk þess sem við dreifðum ýmis konar bæklingum og flugritum. Það þótti líka sjálfsögð skylda að taka þátt í daglegri hagsmunabaráttu verkalýðsins, í verkföllum og baráttu gegn atvinnuleysinu. Þannig tókum við jöfnum höndum þátt í störfu, hvort heldur þau voru leidd af flokknum sjálfum eða æskulýðsdeild hans. Hið fræga kynslóðabil - sem nú er orðið tískuhugtak - var ekki til í þá daga.

Það er vert að geta þess, að þá var ekki um að ræða neitt "bil" á milli þessarar róttæku hreyfingar og verkalýðsstéttarinnar; við vorum hluti af verkalýðsstéttinni, flest frá fátækum heimilum og ef við áttum kost á einhverjum störfum, þá var það við alm. verkamanna- og verkakvennavinnu, eða vinnukonustörf.

Á þessum árum, þegar atvinnuleysi var útbreitt, gengu margir ungkommúnistar um atvinnulausir, og notaði þá fjöldi þeirra tímann til daglegrar pólitískrar starfsemi og náms á eigin spýtur.

Hér var á vegum Kommúnistaflokksins og ASV vísir að ungherjahreyfingu. Ungkommúnistarnir tóku virkan þátt í að skipuleggja slíka starfsemi og veita henni leiðsögn. Ég tel að þessi þáttur starfseminnar hafi verið mjög jákvæður fyrir okkur, einkum og sér í lagi vegna þess að við þroskuðumst í þessu starfi og höfðum af því nokkurn félagslegan ávinning. Hræðsla við að hafa börnin og unglingana með í pólitísku starfi og skýra fyrir þeim rök stéttabaráttunnar var ekki fyrir hendi á þessum

Ég áleit það undanslátt gagnvart borgaralegum áróðri og borgaralegu umhverfi, þegar róttæk hreyfing hætti að starfrækja ungherjahreyfingu.

Fræðslu- og umræðufundirnir voru að jafnaði drjúgur þáttur hinna pólitísku starfsemi, en auk þess voru námskeið af ýmsu tagi. Fyrir utan námskeið í sögu ísl. og alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar má nefna námskeið í erlendum tungum. Það kann að þykja dálítið út í hött, en við fórum út í það að starfrækja m.a. námskeið í hjálp í viðlögum og fengum til þess leiðbeinanda frá Slysavarnafélaginu. Fyrir þá, sem tóku þátt í þessum fræðslufundum og námskeiðum, var þetta mikil félagsleg þjálfun. Slíkir fundir og námskeið voru mest áberandi á árunum ´36 og ´37, en auk fjölda félaga í KFÍ og FUK tók óflokksbundið verkafólk líka þátt í þessu

Eftir að lögregluliði hafði verið sigað á verkamenn 9. nóv. 1932, var "Varnarlið verkalýðsins" stofnað og þar var blóminn úr FUK.

Að ýmsu leyti voru félagar í KFÍ og FUK skipulagðir sameiginlega í pólitísku starfi, t.d. í andstöðulið innan verkalýðsfélaganna. Ég nefni sem dæmi Verkamannafélagið Dagsbrún, sem þá var ekki í höndum okkar manna. Þá gagnrýndum við stjórn þess og annarra verkalýðsfélaga, er voru í höndum sósíaldemókrata, fyrir að vera of hægfara. Síð ar hafa sumir af félögum úr Kommúnistaflokknum og Fél. ungra kommúnista tekið við stjórn í mörgum þessara félaga og beinlínis gengið í slóð þeirra sósíaldemókrata, er áður réðu fyrir þeim. (Einn þessara manna er Eðvarð Sigurðsson, núverandi form. Dagsbrúnar - aths. spyrjanda).

Sp.: Hvað er að segja um inntökuskilyrði og starfsskyldur?

- Inntökuskilyrðin man ég ekki önnur en þau, að það þurfti meðmæli



Þessi mynd er tekin um 1930 og sýnir skemmtiferð á vegum ungra kommúnista. Það er Sverrir Kristjánsson sagnfr. sem ávarpar fólkið.

Baráttan við neyðina

Bráðabirgðakröfur atvinnuleysingjanna fyrir jólin

Með hverri vikunni verður neyðin á alþýðuheimilunum hörmulegri. Þau eru ótalin heimilin hér í bænum, sem vantar bókstaflega allt til alls. Það vantar mat að borða, nauðsynlegustu fataræfla til að fara í, kolamola í ofninn og það er lokað fyrir rafmagnið og gasið.

Undir þessum kringumstæðum eiga verkamannafjölskyldurnar að halda „gleðileg jól".

Það má tvímælalaust fullyrða, að fjöldinn allur af þessari kynslóð hefir aldrei lifað hörmulegri jól en þau, sem nú fara í hönd.

Mánuðum saman hefir verkalýðurinn í Reykjavík barizt fyrir þeirri óverulegu kröfu, að fjölgað yrði um 150 manns í atvinnubótavinnunni. Flest öll verkalýðsfélögin hafa margsinnis samþykkt þessa kröfu, hún hefir verið samþykkt á fjölda funda, sem þúsundir verkalýðs hafa tekið þátt í, margar nefndir hafa verið sendar til valdhafanna til að bera þessa kröfu fram, og kröfugöngur hafa verið gengnar til að fylgja henni eftir. Og fyrir kosningarnar var málið komið svo langt, að það tókst að knýja bæjarstjórnina til að lofa að uppfylla hana. En eftir kosningarnar ætlaði Íhaldið að ganga á lagið, svíkja að uppfylla kröfuna og þar að auki lækka kaupið í atvinnubótavinnunni um þriðjung. Verkalýðurinn lét ekki bjóða sér slíkt — 9. nóv. voru samtök hans svo góð, að það var á valdi hans — ekki einungis að hindra kauplækkunina, heldur líka knýja fram fjölgunina í atvinnubótavinnunni og aðrar smærri kröfur — til dæmis að greitt yrði kaup fyrir ferðirnar til og frá vinnustaðnum og að komið væri upp skýlum á vinnustöðvunum.

En eins og kunnugt er sviku kratarnir — og þessum kröfum var ekki fullnægt.

Þó ekki tækist að lækka kaupið, munu valdhafarnir samt þykjast hafa haft nokkuð upp úr árásinni, sem sé að þagga niður kröfurnar um fjölgun í atvinnubótavinnunni — og það er satt, að kratarnir trúa því einnig að þetta hafi tekizt, því þeir hafa steinþagað um þetta mál síðan.

En það skulu þeir herrar vita, að það hefir ekki tekizt að þagga þessar kröfur niður meðal verkalýðsins.

Þrátt fyrir svik kratabroddanna, verður verkalýðurinn að nota sigurinn 9. nóv. til þess að gera baráttuna fyrir kröfum sínum máttugri og samfylkinguna fyrir þeim víðtækari en nokkru sinni fyr.

Lágmarkskröfur verkalýðsins nú fyrir jólin verða að vera þessar:

Fjölgun í atvinnubótavinnunni um 150 manns nú þegar.

Bráðabirgðastyrkur til allra þeirra atvinnuleysingja, sem ekki hafa fengið vinnu í desember, sem nemi minnst fullum vikulaunum í atvinnubótavinnunni.

Útstrikun á öllum skuldum fyrir gas og rafmagn og á útsvörun atvinnuleysingja um nýjár.

Fullkomnar máltíðir tvisvar á dag í mötuneytinu, jafnt helgidaga sem virka daga.


Á miðvikudag kl. 8½ síðdegis verður haldinn opinber verkalýðsfundur til þess að ræða um baráttuna fyrir þessum kröfum í sambandi við launadeilur þær, sem fram undan eru.

Verkamenn, mætið á þessum fundi. Og mætið á bæjarstjórnarfundinum á fimmtudag.

Viðtal við Brynjólf Bjarnason fyrrverandi formann KFÍ:

„Kommúnistaflokkurinn skipulagði alla þessa baráttu"

Brynjólfur Bjarnason var alla tíð formaður Kommúnistaflokks Íslands og pólitískur leiðtogi hans. Þegar Kommúnistaflokkurinn var lagður niður varð Brynjólfur einn af forystumönnum Sósíalistaflokksins. Hann gegndi hlutverki menntamálaráðherra í nýsköpunarstjórninni 1942-46. Við báðum Brynjólf að skýra okkur frá reynslu KFÍ og hvernig augum hann liti tímabilið eftir að flokkurinn var lagður niður. Fara svör hans hér á eftir.



Spurning:
Gætir þú í stuttu máli skýrt frá því, hvaða þýðingu tilvera Kommúnistaflokks Íslands hafði fyrir íslenska verkalýðshreyfingu í baráttu hennar gegn auðvaldinu á 4. áratugnum?

Svar:
Tilvera Kommúnistaflokksins hafði geysimikla þýðingu, sem seint verður fullmetin. Stofnun flokksins var mikil nauðsyn á þeim tíma. Alþýðusambandið var þá hvorttveggja í senn, verkalýðssamband og flokkur undir forustu sósíaldemókrata og allsendis ófært til að vera verkalýðnum það vopn, sem hann þurfti á að halda í þeirri hörðu stéttabaráttu, sem framundan var. Kommúnistaflokkurinn reyndist hlutverki sínu vaxinn sem skipuleggjari og forustuafl í hinni hörðu og þrotlausu baráttu fjórða áratugarins oftast í fullri andstöðu við forustu Alþýðusambandsins. Hinar mörgu þúsundir atvinnuleysingja stóðu í daglegri baráttu fyrir brýnustu nauðsynjum blátt áfram til að halda lífi. Kommúnistaflokkurinn skipulagði alla þessa baráttu. Það voru farnar margar og ótrúlega fjölmennar kröfugöngur og harðir árekstrar urðu við lögregluna og hvítliða, sem náði hámarki með liðsafnaðinum á bæjarstjórnarfund 9. nóvember 1932, þar sem tókst að koma í veg fyrir fyrirhugaða kauplækkun í atvinnubótavinnu, hvorki meira né minna en þriðjungs lækkun. Þótt ekki yrðu stórslys, hættu menn oft lífi og limum í þessari baráttu. Flokkurinn barðist líka harðri baráttu gegn fátækralögunum og til stuðnings þeim, sem voru sviptir mannréttindum fyrir fátæktar sakir og skipulagði aðgerðir til að koma í veg fyrir fátækraflutninga. Þeirri baráttu lauk með fullum sigri, afnámi þeirrar þjóðarsmánar, sem fátækralögin voru.

Ég ætla ekki að telja upp hin mörgu verkföll, sem háð voru undir forustu flokksins og leidd til sigursælla lykta enda þótt forusta Alþýðusambandsins tæki sér stöðu með andstæðingunum. Oft sló í harða bardaga við lögreglu og hjálparsveitir hennar, sem hægri menn í verkalýðshreyfingunni tóku líka þátt í. Það nægir að nefna verkfallið í járniðnaðinum 1933, Nóvuverkfallið á Akureyri sama ár, Borðeyrardeiluna og alla þá árekstra sem af henni spunnust árið eftir. Í þessu efni vil ég sérstaklega vísa til bókar Jóns Rafnssonar, "Vor í verum". Allan þennan tíma barðist flokkurinn af miklu harðfylgi fyrir því að sameina aftur verkalýðsfélögin, sem sósíaldemókratar höfðu klofið, og jafnframt að sameina þau í eitt óháð verkalýðssamband. Þessari baráttu lauk með fullum sigri.

Spurning:
Hverja telur þú hafa verið merkustu árangra í sögu KFÍ? Í hverju voru helstu mistök og villur flokksins fólgin?

Svar:
Merkasta árangurinn af starfi Kommúnistaflokksins tel ég vera, að það tókst að auka mjög stéttarvitund íslensks verkalýðs og koma upp talsvert fjölmennu marxísku mannvali. Í hagsmunabaráttunni og skipulagsmálum tókst að vinna mikla sigra, eins og ég hef minnst á. Alþýðusambandið var losað úr flokksviðjum og breytt í raunverulegt verkalýðssamband og hin klofnu verkalýðsfélög voru sameinuð að nýju. Sú gerbreyting, sem varð á lífskjörum íslensks verkalýðs og þær stórstígu félagslegu umbætur, er tókst að knýja fram á fyrri hluta fimmta áratugarins, voru árangur af starfi flokksins.

Kommúnistaflokkurinn var ung hreyfing og reynslulítil og gerði óhjákvæmilega ýms mistök. Að mínum dómi ber þar hæst einangrunarstefnuna, sem náði undirtökunum um stutt skeið á tímabilinu 1932-1934. Ófullnægjandi sjálfsgagnrýni síðar meir, sem á seinna stigi hafði örlagaríkar afleiðingar fyrir Sósíalistaflokkinn, átti m.a. að nokkru rætur sínar að rekja til misbeitingar hennar þá. Samtímis þessu og þegar samtökin stækkuðu, var smám saman slakað á þeim kröfum, sem Kommúnistaflokkurinn gerði til félaga sinna um virkt starf hvers og eins og gerðu hann jafnsterkan og þróttmikinn og raun varð á.

Þegar litið er til baka er heldur ekki vandi að sjá, að flokkurinn var ekki með öllu ósnortinn af því alþjóðlega fyrirbæri, sem blasir við augum enn í dag, nokkrum skorti á raunsæi á afstöðunni til hins andstæðufulla þróunarferlis sósíalísku heimsbyltingarinnar. En á hitt vil ég leggja áherslu að Kommúnistaflokkur Íslands hafði sjálfstæðari stefnu en flestir kommúnistaflokkar Evrópu á þeim tímum.

Spurning:
Var það verkalýð og vinnandi alþýðu til hagsbóta að leggja niður flokkinn og stofna nýjan í samvinnu við vinstri krata úr Alþýðuflokknum? Var slíkt ekki frávik frá byltingarstefnu KFÍ?

Svar:
Ég held að sagan hafi sýnt að þar var stigið rétt skref og að það hafi ekki verið frávik frá byltingarstefnu flokksins. Kommúnistaflokkurinn vildi hinsvegar ekki hraða sameiningunni eins og gert var, heldur skipuleggja nána samfylkingu og samvinnu með vinstri mönnum Alþýðuflokksins og láta það samstarf vera prófstein á það, hvort grundvöllur væri fyrir sameiningu í einum flokki. Taldi það farsælli leið. Alþýðuflokksmenn vildu á hinn bóginn ekki annað en sameiningu strax. Við töldum ekki stætt á því að neita að óreyndu hvort báðir armar gætu komið sér saman um stefnuskrá á marxískum grundvelli. Það reyndist unnt, þó að stefnuskráin hefði vissulega þurft að vera betri og skýrari í mörgum efnum. Við vissum að þetta var áhætta, eins og kom á daginn, en við töldum okkur nógu sterka til að afstýra þeirri hættu. Það tókst líka, og eftir að Héðinn og nokkrir menn með honum fóru úr flokknum, hófst mesta sigurganga hans. Þegar upp kom ágreiningur í flokknum síðar, fór fjarri því að afstaða manna færi eftir því, úr hvorum flokknum þeir komu.

Það er rétt að taka fram, að það var mikil eining í Kommúnistaflokknum um að stíga þetta skref.

Spurning:
Finnst þér hafa orðið hnignun í sögu íslenskrar verkalýðsbaráttu síðan Kommúnistaflokkur Íslands var lagður niður, og ef svo er, hver er helsta orsök þessarar hnignunar?

Svar:
Ég tel alveg tvímælalaust, að mikil hnignun hafi orðið í íslenskri verkalýðshreyfingu og stjórnmálasamtökum hennar síðan Kommúnistaflokkurinn var lagður niður, einkum eftir miðja öldina. Það er áríðandi að við rannsökum þetta tímabil af kostgæfni til þess að finna hinar réttu orsakir þessarar hnignunar og forðumst alla hvatvísi og yfirborðshátt í ályktunum um þau efni. Hér kemur hvorttveggja til, hlutlægar aðstæður og vanmáttur okkar, sem

Framhald á bls.6

Framhald af bls. 5

Kommúnista flokkurinn skipulagði...

þóttumst sjá hvert stefndi, til að koma í veg fyrir þessa þróun. Villur okkar og mistök t.d. í skiptum okkar við hannibalista voru ekki annað en sýnilegt tákn þess, að flokkur okkar var ekki samur og áður. Það yrði allt of langt mál að rekja hér þá sögu og skýra hana eins og hún kemur mér fyrir sjónir, en ég hef reynt að gera það - að nokkru í ritinu "Með storminn í fangið", bæði í innganginum, sem er stutt yfirlit yfir sögu Kommúnistaflokksins, Sósíalistaflokksins og Alþýðubandalagsins, og í ræðum, sem ég hélt á síðustu flokksþingum Sósíalistaflokksins og birtust í síðara hluta ritsins. Ég verð að vísa til þess.

Spurning:

Finnst þér í dag grundvöllur fyrir stofnun nýs kommúnistaflokks?

Svar:

Ég hef ekki trú á því, að nú sé rétti tíminn til að stofna nýjan kommúnistaflokk. Hinsvegar tel ég mikla nauðsyn á að stefna markvisst að því að beina þróuninni í þá átt, að upp rísi öflugur, marxískur fjöldaflokkur á Íslandi, sem er fær um að undir búa hina sósíalísku umbyltingu og leiða hana til sigurs. En ég held að þetta geti því aðeins tekist, að allir íslenskir marxistar sameinist um þetta verkefni hvar í flokki sem þeir standa í hinum tvístruðu samtökum líðandi stundar, og geri sér far um að komast að sameiginlegri niðurstöðu um stjórnlist og baráttuaðferðir með því að brjóta vandamál okkar tíma til mergjar samtímis mál efnalegum og hófsamlegum umræðum og skoðanaskiptum um það, sem á milli ber.

-/SJÓ

Framhald af bls. 5

Við Vorum

tveggja félaga í FUK til að hægt væri að samþykkja inntökubeiðni í félagið.

Síðan heltust þeir úr lestinni, sem ekki felldu sig við vinnuskylduna, því það var náttúrlega ætlast til þess að félagar tækju virkan þátt í hinni daglegu starfsemi. Þegar við sameinuðumst hluta af Sambandi ungra jafnaðarmanna og stofnuðum Æskulýðsfylkinguna slaknaði mjög á þessari starfsskyldu. Okkur var á það bent af forystumönnum flokksins, að við gætum ekki gert sömu kröfur til SUJ-ara og okkar sjálfra um starfsskyldu. Aftur á móti voru SUJ-arar ekki sniðgengnir með að sitja í stjórnum, nefndum og því líku. Þetta orsakaði þegar í upphafi tvískinnung í starfinu og við þetta mynd aðist eins konar forréttindahópur. Væri óskandi, að róttæk hreyfing í dag varaðist þau víti, sem við rétum ekki við þá.

Sp.: Þú minntist áðan á ungherjahreyfingu eða vísi að henni. Geturðu sagt okkur eitthvað nánar um það?

- Fljótlega eftir fyrri heimsstyrjöldina var víðs vegar um heim stofn aður félagsskapur, er hér á landi nefndist Alþjóðasamhjálp verkalýðsins (ASV). Hlutverk þessa félagsskapar var að aðstoða verkfallsmenn í baráttu þeirra með söfnun fjár þeim til handa og til þess að draga úr verstu eymdinni í fátækrahverfum stórborganna á atvinnuleysistímum. Íslandsdeild ASV var stofnuð sumarið 1930 og styrkti hún verkfallsmenn í þeirra baráttu. Einn merkasti þáttur í starfsemi hennar var þó að koma upp dagheimili fyrir börn. ASV hófst handa um fjársöfnun til þess og árangurinn varð síðan dagheimilið Grænaborg, sem starfrækt er enn í dag, þó af öðrum aðilum.

ASV átti hlut að stofnun ungherjahreyfingar hér á landi. Hugmyndin að slíkri hreyfingu kom frá Sovétríkjunum, en hún fólst í því að skipuleggja þroskandi tómstundaiðju fyrir börn, s.s. tónmenntun, föndur o.s.frv. Þessi börn komu oft fram á skemmtunum flokksins. Það var heldur ekki hlíft við að gera þessum börnum grein fyrir því, að þau væru börn verkalýðsstéttarinnar, ættu samstöðu með verkalýðsstéttinni og tækju þátt í baráttu hennar fyrir betra lífi. Þannig komu þau í raun og veru fram sem hluti af byltingarsinnaðri hreyfingu.

-/SJÓ

Orðsending til Neista: SEINNI HLUTI

Pappírarnir eru á borðinu!

Eins og bent var á í fyrri hluta þessarar greinar (sem birtist í 9. tbl. Stb.), eru trotskistar andstæðingar Alþýðulýðveldisins Kína. Þeir eru manna iðnastir við að rangtúlka utanríkispólitík þeirra og nýta hvert tækifæri sem þeir telja sig hafa, til að ráðast gegn henni. Þannig þjóna þeir af fremsta megni hættulegustu andstæðingum alþýðunnar - heimsvaldasinnunum. "Byltingar"slagorð trotskista eiga ekkert skylt við raunverulegt byltingarstarf, - svo er einnig farið með "byltingarsinnaðar" skilgreiningar þeirra á heimsástandinu. Þær eru andbyltingarsinnaðar.

Því er öðruvísi farið með utanríkisstefnu Kína, hún er byltingarsinnuð og í þjónustu framsækinna afla um allan heim.

Í samræmi við gagnbyltingareðli sitt þá hafa trotskistar reynt að útmála afstöðu Kína til ástandsins í Evrópu sem afturhaldssama. En þegar Neisti kynnir afstöðu Kína til ástandsins í Evrópu, þá klippa þeir kjarnann úr greininni (í Peking Review). Það getur því verið fróðlegt að sjá hvar þar stendur:

"Sökum geysimikilvægrar stöðu sinnar í alþjóðlegum stjórn- og efnahagsmálum, verður Evrópa fyrst fyrir barðinu á samkeppni hinna tveggja risavelda, Sovétríkjanna og Bandaríkjanna, um heimsyfirráð. Efnahagsbandalag V-Evrópu samanstendur af löndum sem hafa samanlagt 256 milljón íbúa og framleiðslugetu sem liggur nærri getu Bandaríkjanna - og er meiri en Sovétríkjanna. 1973 stækkaði EBE, úr hinum upprunalegu sex ríkjum, í núverandi fjölda, níu. Með viðamiklum umræðum hafa EBE-löndin framkvæmt fjöldamargar aðgerðir til að styrkja pólitíska samvinnu innan sinna vébanda og staðið gegn efnahagslegri drottnun og afskiptum risaveldanna tveggja.

Bandalagið hefur sett sér það takmark að breyta núverandi samruna efnahagslífsins í "evrópubandalag" í lok þessa áratugs til þess að auka enn frekar pólitíska einingu...

Þessi viðleitni vestur-evrópuríkjanna er greinilega ósamrýmanleg drottnunarstefnu risaveldanna. Sovéski sósíalimperíalisminn, nýtilkominn en mjög gírugur, er opinskárri í fjandskap sínum gagnvart bandalaginu."

(Peking Review no. 26 '75, bls.12-13)

Eins og segir í fyrri hluta þessarar greinar þá er eitt af taktískum markmiðum kínverskrar utanríkispólitíkur að nýta sér þá togstreitu sem á sér stað á milli risaveldanna tveggja USA og Sovét. Afstaðan til ástandsins í Evrópu er eitt dæmi um það hvernig þessi stefna kemur fram. Með því að ýta undir þá viðleitni hjá EBE-löndunum að efla eigið sjálfstæði, þá vinnur Kínverska Alþýðulýðveldið að því að minnka svigrúm risaveldanna, en bæði risaveldin sækjast mjög til áhrifa einmitt í Evrópu. Það er skiljanlegt að trotskistar leggist gegn þessari stefnu - því þeir líta á Sovétríkin sem verkalýðsríki og telja jafnvel Varsjárbandalagið framfarasinnað (Neisti hefur sett fram vígorðið: "Verjum Sovétríkin gegn árásum heimsvaldasinna!") Trotskistar eru ennfremur algjörlega ófærir um að koma auga á og nýta sér þær andstæður sem eru til staðar í auðvaldsheiminum. Öfgakennd stefna þeirra steypir allri baráttu - jafnt byltingarbaráttu sem réttinda- og kjarabaráttu - í glötun.

Sósíalísk utanríkisstefna

Kína lítur svo á að barátta risaveldanna sé uppspretta næstu heimsstyrjaldar. Meginmarkmið utanríkisstefnu kínverja er því að reyna að draga úr valdi risaveldanna og að auka afl annarra ríkja heimsins. Aðferðin sem þeir beita er að hvetja lítil og meðalstór ríki til að taka sjálfstæða afstöðu í alþjóðlegum og þjóðlegum málum, óháða Washington og Moskvu. Kínverjar líta svo á, á sama hátt og allir marxistar-lenínistar, að svo lengi sem heimsvaldastefnan sé við lýði sé hættan á heimsstyrjöld til staðar. Utanríkisstefna þeirra miðar að því að vinna fyrir friðinn.

Bandamenn trotskista - endurskoðunarsinnarnir í Kreml eru á annarri skoðun. Þeir hafa lagt fram kenningar um "friðsamlega sambúð, og friðsamlega samkeppni" og "heim án vopna" - og hyggjast koma þessu í kring á tímabili þegar heimsvaldastefnan er í fullu fjöri. Utanríkisstefna sósíal-heimsvaldasinnanna í Kreml miðar að því að blekkja alþýðu heimsins og fela eðli heimsvaldastefnunnar. Hún stuðlar ekki að friði. En sovésk utanríkisstefna hefur ekki verið gagnbyltingarsinnuð alla tíð. Á tímabilinu fyrir valdatöku borgarastéttarinnar á ný - þ.e. á þeim tíma er Sovétríkin voru sósíalísk - þá var utanríkisstefnan í þágu friðar. Og á sama hátt og Kína gerir í dag þá notuðu Sovétríkin mótsetningarnar sem fyrirfinnast milli heimsvaldaríkjanna til að vinna fyrir friðinn. Stalín sagði í ræðu árið 1925 (í deilum við Trotskí) að verkalýður Sovétríkjanna ætti sér fjóra megin bandamenn, þ.e. verkalýðurinn í þróuðu iðnríkjunum, kúguð alþýða í vanþróuðu ríkjunum, togstreitan og mótsetningar milli auðvaldsríkjanna og bændaalþýðan. Hér eru mótsetningar sem ætíð fyrirfinnast í óvinaherbúðum sósíalismans taldar til bandamanna verkalýðsins í sósíalísku ríkjunum.

Eitt skýrt dæmi um nýtingu þessa "bandamanns" er griðasáttmálinn sem Sovétríkin gerðu við Hitlers-Þýskaland stuttu fyrir seinni heimsstyrjöldina. Stjórn Sovétríkjanna hafði fulla vissu um það að fyrr eða síðar yrðu þau að berjast við þýsku fasistana. En einmitt þetta - fyrr eða síðar - gerði allan gæfumuninn. Þar sem borgaralegu lýðræðisríkin fengust ekki til þess að mynda bandalag gegn fasismanum og þýsku fasistarnir voru í óðaönn að ákveða á hvern þeir skyldu ráðast fyrst, þá ákvað sovétstjórnin að láta til skarar skríða og beina spjótsoddi fasismans frá Sovétríkjunum í bili. Þannig kom þessi griðasáttmáli til. Undirritun hans tryllti trotskista hvarvetna - en í rauninni var hér um að ræða eitt mesta snilldarbragð milliríkjaviðskipta á þessu tímabili. Samningurinn hafði í för með sér að auðvaldsríkin urðu fyrst fyrir barðinu á þýsku herjunum, en ekki Sovétríkin eins og margir auðvaldssinnar höfðu vonað. Og þessi skipan mála leiddi til þess að þýsku fasistarnir urðu að berjast á tvennum vígstöðvum samtímis, ennfremur varð hann til þess að Sovétríkin þurftu ekki að berjast ein sér og ríkjabandalagið gegn fasismanum varð að veruleika. Þessi samningur leiddi því til mikils ósigurs fasistanna.

En í augum trotskista voru hér á ferðinni enn ein "svik stalínismans" við verkalýðsstéttina.

Annað skýrt dæmi um það hvernig sósíalísk utanríkisstefna nýtir mótsetningarnar í óvinaherbúðunum í þágu verkalýðsins er heimsókn Nixons til Kína. Sú heimsókn er hluti úr heilli atburðarrás, þ.e. þeim atburðum sem hafa staðfest þá miklu sigra á svið milliríkjaviðskipta sem Kínverska Alþýðulýðveldið heufr unnið á undanförnum árum. Helstu atburðirnir eru:

1) Kína hefur öðlast sitt réttmæta sæti hjá Sameinuðu þjóðunum og tekist að einangra að mestu kúomintangklíkuna á Taiwan (Formósu), 2) eðlileg ríkjasamskipti hafa byrjað að þróast á milli Kína og Bandaríkjanna. Sú þróun staðfestir að stefna Bandaríkjanna sem miðaðist við að einangra og inniloka Kína, hefur beðið skipbrot. 3) Sambandið á milli Japan og Kína hefur tekið miklum framförum. Það hefur aftur losað tengslin sem eru á milli Bandaríkjanna og Japan og þannig dregið úr áhrifum Bandaríkjanna í Asíu.

Ferð Nixons til Kína hefur orsakað margs konar rugling og gagnrýni hjá mörgum vinstrimönnum víða um heim. En meginuppspretta þessa ruglings eru lygar sósíal-heimsvaldasinnanna og trotskista. Kremlherrarnir ærðust yfir heimsókninni sökum þess að hún olli minni einangrun Kína á alþjóðavettvangi, og trotskistar endurómuðu áhyggjur bandamanna sinna í Kreml.

En þrátt fyrir "gagnrýni" þeirra þá stendur sú staðreynd óhögguð að Kína vann mikinn diplómatískan sigur þegar Nixon undirritaði sameiginlega yfirlýsingu Bandaríkjanna og Kína. Með undirrituninni voru Bandaríkin í rauninni að viðurkenna að tveggja áratuga tilraunir þeirra til að steypa peking-stjórninni hefðu mistekist. Bandaríkin urðu að yfirgefa kenningar sínar um "tvö Kína" og viðurkenna Taiwan sem óaðskiljanlegan hluta Kína.

Það verður að hafa það í huga að það var bandaríkjaforseti sem óskaði eftir þessari heimsókn og gekkst undir að viðurkenna þær fimm reglur um samskipti ríkja sem kínverjar framfylgja.

Ófarir bandarísku heimsvaldasinnanna í Asíu sýndu fram á að stefna þeirra hafði beðið skipbrot - þess vegna voru þeir til viðræðna við stjórnina í Peking um bætt samskipti. Staða þeirra sem heimsveldis hefur veikst, en samtímis hafa sósíalheimsvaldasinnarnir otað sínum tota eins og ástandið á Indlandi sýnir ljóslega. En markmið Sovétríkjanna er að einangra Kína - því voru batnandi samskipti Kína og Bandaríkjanna eitur í þeirra beinum.

Eitt af grundvallaratriðum kínverskrar utanríkisstefnu er friðsamleg sambúð þjóða með ólík þjóðfélagskerfi. Friðsamleg sambúð þýðir ekki að Kína viðurkenni stjórnir í auðvaldsríkjum sem sanna fulltrúa þjóða sinna, en þeir blanda sér ekki í innanríkismál annarra þjóða. Þannig hefur Kína nú stjórnmálasamskipti við fjöldann allan af auðvaldsríkjum, þ.á.m. Ísland. En þar með hafa þeir ekki tekið afstöðu með hugmyndaheimi Geirs Hallgrímssonar. Ég bendi á þetta sökum þess að margir hafa orðið til þess að deila á Kína fyrir að slíta ekki stjórnmálatengslunum við fasistastjórnina í Chile. Ef Kína fylgdi þeirri stefnu að slíta sambandi við allar stjórnir sem beita skefjalausri kúgun innanlands - þá myndi það m.a. þýða slit á stjórnmálasamskiptum Kína og Sovétríkjanna. Í þessu sambandi má benda á að Kína hefur ekki stjórnmálasamskipti við **Ísrael, því þar er um að ræða ríki** sem er árásaraðili gegn nágrannaríkjum sínum, og er jafnframt viðhaldið af USA-heimsvaldasinnunum til að tryggja stöðu þeirra á þessu svæði.

Svar við spurningu Neista

Þegar við höfum farið lauslega yfir megindrættina í utanríkisstefnu Kína og sósíalískra ríkja yfirleitt, þá er komið að því að svara beint þeirri spurningu sem Neisti beinir til okkar: "Er það rétt að uppbygging sterks, sameinaðs Efnahagsbandalags sé eitt mikilvægasta verkefni byltingarsinna í dag?" Svarið er nei.

Það eru sennilega bara trotskistar sem velta þessari spurningu fyrir sér. Ástæðan fyrir því að Neisti varpar fram þessari spurningu er tvíþætt. Annars vegar eru þeir að reyna að gera utanríkisstefnu kínverja tortryggilega - hins vegar eru þeir svo ruglaðir af eigin lygum að svona fáránlegar hugmyndir eiga góðan aðgang inn í huga þeirra. Þegar svo klofningsstarfsemi og rugl þeirra rennur saman í einn farveg verður útkoman endaleysa - sem þeir taka svo alvarlega.

Afstaða Kína til EBE er í sjálfu sér einföld, og þeir "víðlesnu" trotskistar sem manna duglegastir eru við að fara í saumana á utanríkisstefnu þeirra ættu að kannast við hana. En tilgangur þeirra er ekki að skýra málin - það yrði gagnstætt hagsmunum þeirra, fyrst og fremst reyna þeir að rangtúlka og fela það sem rétt er.

Kínverski kommúnistaflokkurinn hefur skilgreint EBE sem heimsvaldasinnað bandalag - það hefur aldrei farið á milli mála. 26. júní 1972 sendi fréttastofan Nýja Kína út svohljóðandi skeyti: "Ein afleiðing ójafnrar þróunar heimsvaldaríkjanna er sú að styrkur vestur-evrópulandanna hefur vaxið (í hlutfalli við styrk USA/aths. hh). Sem stendur hefur sexríkjablokkin farið fram úr USA í vaxtarhraða á sviði iðnaðar, utanríkisverslunar og gjaldeyris- og gullforði þeirra vex einnig hraðar. Þar af leiðandi hefur þessi blokk stöðugt orðið meir og meir mótfallin því að samþykkja eftirlit og drottnun USA-heimsvaldastefnunnar." Hér stendur það svart á hvítu að aukinn styrkur EBE gagnvart USA er afleiðing af lögmálinu um ójafna þróun heimsvaldalandanna þ.e.a.s. hér er rætt um þróun heimsvaldastefnunnar - þannig er EBE skilgreint sem heimsvaldasinnað.

Enver Hoxha, flokksleiðtogi Flokks vinnunnar í Albaníu hefur skilgreint EBE þannig: "Sameinuð Evrópa, sem nú er í bígerð hjá v-evrópsku auðvaldi, er ætlað að vera nýtt heimsvaldasinnað risaveldi sem heimtar yfirráð, sams konar drottnun og Bandaríkin og Sovétríkin." (Ræða 1971)

Spurning Neista er röng og málatilbúnaðurinn er stuðningur við útþenslu sósíalheimsvaldastefnunnar - því eitt af höfuðmálum gjörvallrar byltingarhreyfingar heimsins er að afhjúpa eðli Sovétríkjanna í dag og jafnframt að vinna gegn útþenslu þeirra.

Hjálmtýr Heiðdal

2c TRUTH ABOUT THE MOSCOW TRIALS

Published by PIONEER PUBLISHERS 100 Fifth Ave., New York. Bundle orders $1 per 100. Send checks or money order with orders. Editor: MAX SHACHTMAN

No. 1 NEW YORK, N. Y. APRIL, 1937

TROTSKY BARES MOSCOW FRAUD

John Dewey Heads Mexico Inquiry

Trotskí sjálfur var svarinn fjandmaður sósíalismans í Sovétríkjunum - og var að lokum rekinn úr landi fyrir andbyltingarstarf sitt. Í útlegðinni var hann mjög virkur í að dreifa óhróðri um verkalýðsríkið, og fékk hann dyggan stuðning ýmissa afturhaldsafla í auðvaldsríkjunum. Á sama hátt eru fylgjendur hans í Fylkingunni svarnir fjandmenn sósíalísku ríkjanna í dag, og þá sérstaklega Kína. Afturganga trotskismans afneitar ekki uppruna sínum, það er varla sú lygi til um Sovétríkin á tímum sósíalísku uppbyggingarinnar sem trotskistar Fylkingarinnar hafa ekki endurtekið. (Blaðaúrklippan fjallar um s.k. afhjúpanir Trotskís á moskvuréttarhöldunum 1936. Þýð.: Trotskí afhjúpar falsanir Moskvu.)

Sundrungarstarfsemi trotskyista

Þann 10. nóvember síðastliðinn stofnuðum við nokkur ungmenni æskulýðssamtök ungra kommúnista, Rauða æsku. Stofnfundurinn var haldinn í Menntaskólanum við Hamrahlíð, þar sem þegar hefur risið upp deild í samtökunum. Á stofnfundinum voru samþykkt bráðabirgðalög og starfsgrundvöllur samtakanna, sem gilda mun þar til stofnþingið hefur verið haldið. Grundvöllur og baráttumarkmið Rauðrar æsku:

1. Rauð æska eru samtök ungra kommúnista.
2. Rauð æska gefur út samnefnt málgagn.
3. Rauð æska eru samtök þess æskufólks sem af einlægni vill a) berjast gegn heimsvaldastefnu og fasisma, b) berjast gegn styrjöldum c) styðja verkalýðsstéttina í baráttu hennar fyrir rétti sínum, d) berjast fyrir jafnrétti kynja, e) berjast fyrir jöfnum rétti allra til náms, f) styðja kommúnismann, g) styðja sósíalísku ríkin Kína, Albaníu, Norður-Víetnam og Norður-Koreu, Alþýðuríkin Suður-Víetnam og Kambódíu og öll önnur frelsisöfl hvar sem er í heiminum.
4. Rauð æska mun leitast við að rjúfa þá félagslegu einangrun sem flest æskufólk er í og þá sér í lagi gagnfræðaskólanema.
5. Rauð æska mun beita sér fyrir víðtækari félagsstarfsemi æskufólks bæði í hverjum einstökum skóla og á breiðari vettvangi í andstöðu við þann félagslega doða sem æskan er í og þá drykkju og svallmenningu sem víða tíðkast í skólum og er þröngvað upp á æskufólk.
6. Rauð æska mun reyna að efla pólitískar umræður og skoðanaskipti meðal æskufólks og berjast gegn þeirii borgaralegu innrætingu sem stöðugt fer fram í fjölmiðlum og skólum.
7. Félagar Rauðrar æsku munu berjast gegn eiturlyfjaneyslu meðal æskufólks.

Trotskistar ráðast gegn Rauðri æsku.

Fljótlega eftir stofnun Rauðrar æsku kom upp vandamál í sambandi við trotskista, sem skrifuðu sig á lista yfir þá sem sýndu áhuga á að taka þátt í stofnun samtakanna. Það er athyglisvert að fyrst þegar ljóst var að til stóð að stofna Rauða æsku, þá höfðu þeir engan áhuga og sýndu þessu máli megna lítilsvirðingu, en nokkrum dögum seinna komu þeir og tjáðu sig reiðubúna að skrifa undir grundvöll Rauðrar æsku. Það skyldi þá ekki vera að lærifeður þeirra innan Fylkingarinnar hafi fundist þetta vitlaus taktík til þess að kljúfa samtökin, eins og allt þeirra starf byggist á. Einstaklingar þessi halda uppi uppi áróðri gegn Rauðri æsku, jafnt í sínu daglega lífi og í málgagni sínu Neista, sem stríðir gegn grundvelli Rauðrar æsku, og voru þeir þess vegna ekki boðaðir á stofnfundinn.

Síðan þetta gerðist hafa trotskistarnir stöðugt rægt Rauða æsku. Augljóst er að þeir vinna að því leynt og ljóst að sundra samtökunum. Mig langar að kynna lesendum Stéttabaráttunnar málflutning þessara manna, í dreifiriti, sem þeir gáfu út í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Þar stendur ma.: "Þessvegna telja þeir (þ.e. Rauð æska) hættulegt ef trotskistar fá að vera með í samfylkingunni því þeir munu aldrei ganga inn í stalínísk samtök og vara ykkur við þeim" (undirstrikun og ath.s. er mín). Hér erum við með fyrstu þvæluna, þeir tala um samfylkingu, en þetta er engin samfylking. Rauð æska eru samtök með ákveðinn grundvöll, sem byggð eru á einstaklingsaðild en ekki fulltrúum einhverra hópa.

Þeir halda áfram og segja: "..Vitið þið að kenningin um sósíalisma í einu landi var fyrst sett fram af Jóseppi Stalín 1926. Hinn klassíski marxismi og lenínismi gerði aldrei ráð fyrir að slíkt væri mögulegt." Þessir menn ættu nú að kynna sér lenínismann betur áður en þeir koma með svona lygi á prent. Lenín var búinn að svara þessari spurningu löngu áður. Ef þessir herramenn hafa lagt sig niður við að lesa bókina Ríki og bylting þá fá þeir svar við þessu bulli í ser, og í öðru lagi skrifaði Stalín frábæra bók árið 1924 sem svarar þessu.

Sú bók heitir Lenínisminn og er samansafn fyrirlestra sem Stalín hélt við háskóla í Moskvu 1924.

En falsi og blekkingartilraunum trotskistanna eru engin takmörk sett; þeir segja: "En þó byltingarsinnaðir marxistar viðurkenni ekki verkalýðsríkin sem sósíalísk, þá hafa þeir alla tíð lýst því yfir að þeir muni verja Kína, Sovétríkin, Albaníu og Júgóslavíu, Víetnam og Koreu og Kúbu og Ungverjaland og önnur verkalýðsríki gegn árásum heimsvaldastefnunnar." Þeir segjast verja Sovétríkin og Júgóslavíu gegn árásum heimsvaldastefnunnar, en það er skoðun okkar að Sovétríkin séu heimsvaldasinnuð og þess vegna berjumst við gegn þeim, og Júgóslavíu sem er leppríki bandarísku heimsvaldastefnunnar. Þeir segjast verja Kína og Albaníu og önnur sósíalísk ríki, en þeir hafa rægt eins mikið og þeir geta þessi ríki, og er þetta að öllu leyti ósamrýmanlegt grundvelli Rauðrar æsku. Í lok þessa furðulega dreifirits þeirra ægir öllu saman, í einni línunni tala þeir um samfylkingu og í annarri um samtök, þeir gera engan greinarmun á því hvort sé um að ræða. Dæmi um vinnubrögð þeirra, bæði í Víetnamnefndinni og á Staparáðstefnunni sýna okkur sljóslega að ekki er hægt að vinna með þeim. Á báðum stöðunum komu þeir fram sem sundrungarafl.

Og nú kemur rúsínan í pylsuendanum. Við skulum aðeins athuga, hvernig trotskistar hafa starfað í gegnum árin: Andlegur faðir trotskismans, Leon Trotskí var lengst af í andstöðu við rússnesku bolsévíkana (kommúnistana) sem börðust undir forystu Leníns gegn keisaraveldinu rússneska. Frækornið sem framtíðarstefna Trotskís spratt af var sáð einmitt á þessum tíma og undirstöðukenningar um hina svokölluðu "stöðugu byltingu." Lengst af var hann í harðri andstöðu við kenningar Leníns um bandalag við bændur og um að sósíalísk bylting gæti ekki átt sér stað nema að undangenginni borgaralegri lýðræðisbyltingu, þar sem verkalýðurinn tæki forystuna. Trotskí áleit þorra bænda vera afturhaldssam og ólíklega bandamenn byltingarinnar. Sagan hefur sýnt að hann fór villur vegar. Skömmu eftir rússnesku októberbyltinguna snarsnerist Trotskí og gekk í lið með bolsévíkum, en þeir töldu sig geta haft not af honum sem góðum áróðurs- og ræðumanni. Eftir byltinguna fékk hann stöðu utanríkisþjóðfulltrúa, og átti eftir að leiða friðarsamningana við þjóðverja í Brest-Litovsk. Hann hlýddi ekki þeim skipunum sem hann fékk fram miðstjórn í þeim efnum og það varð til þess að þjóðverjar gátu hertekið enn stærri svæði. Lenín sagði á 7. flokksþinginu 1918: "Baráttuaðferð Trotskís var rétt meðan hún tafði fyrir (þjóðverjum), en hún var röng þegar lýst hafði verið yfir að hernaði væri lokið og friðarsamningar ekki undirritaðir. Ég lagði það til að ákveðnir friðarsamningar væru undirritaðir... Verði Þýskalandi nú sagt stríð á hendur er það sammerkt því að láta undan ögrunum rússneskrar borgarastéttar"

Hér fara á eftir nokkur ummæli Leníns frá ýmsum tímum varðandi Trotskí og starfsemi hans innan rússnesku byltingarhreyfingarinnar: "Árið 1903 var Trotskí mensévíki, hann yfirgaf mensévíka 1904, gekk aftur í lið með mensévíkum 1905, sló jafnframt um sig með gerbyltingarsinnuðum orðatækjum og sneri svo aftur baki við mensévíkum 1906" ...."Trotskí þynnir í dag út hugmyndir eins flokksbrots og annars á morgun og álítur sig því hátt hafinn yfir bæði flokksbrotin"... "Ég verð að lýsa því yfir að Trotskí er aðeins fulltrúi fyrir sitt eigið flokksbrot" (1911:) "Fólk eins og Trotskí með hin fordildarfullu orðatiltæki sín ... er nú sjúkdómur aldarinnar. .." Sérhver sá sem styður klíku Trotskís styður stefnu lyga og blekkinga gagnvart verkalýðnum"... "Það er sérhlutverk Trotskís... að slá ryki á augu verkamanna"..."Það er ekki hægt að ræða grundvallaratriði við Trotskí því hann hefur engar skoðanir... við afhjúpum hann aðeins sem beggja handa járn af verstu tegund". (1912:) "Þessi samsteypa samanstendur af stefnuleysi og hræsni og innantómu orðagjálfri" ..."Trotskí hylur það með byltingarsinnuðu orðagjálfri sem kostar hann ekkert og skuldbindur hann til einskis". (1914:) "Hinir gömlu þátttakendur í hreyfingu marxista í Rússlandi þekkja hann mætavel og það er ekki ómaksins vert að vera að ræða við þá um hann. En yngri kynslóð verkamanna þekkir hann ekki og við verðum því að ræða um hann"... "Slík manngerð er einkennandi fyrir brot af hinum sögulegu samtökum liðins tíma, þegar fjöldahreyfing verkalýðsins í Rússlandi var enn í svefnrofunum"... "Félagi Trotskí hefur ennþá aldrei haft ákveðna skoðun á nokkru einasta marxísku viðfangsefni, hann hefur alltaf skriðið inn í glufuna sem þessi eða hinn skoðanamunur orsakaði og sveiflast milli beggja sjónarmiða". (1915:) "Trotskí hefur alltaf verið þjóðrembingssósíalisti í grundvallaratriðum, en er ósammála

sammála þjóðrembingssósíalistunum í grundvallaratriðum, en er sammála þeim í framkvæmd."

Frá 1912-1923 átti Trotskí þátt í að skipuleggja klíkur innan flokksins, eins og t.d. Ágústhópinn og vinstri andstöðuarminn. Eftir 1920 minnkuðu pólitísk áhrif hans vegna hinna mörgu pólitísku mistaka hans. Árið 1923 tók hann höndum saman við andstæðinga októberbyltingarinnar, eins og Sínóéff, Kaménéff og Radek og fleiri svikara. Átti það eftir að koma í ljós seinna, að þeir menn sem söfnuðust utan um Trotskí voru föðurlandssvikarar. Eftir að Trotskí var rekinn í útlegð þá stjórnaði hann þessum hópum og lét þá vinna skemmdarverk á framleiðslutækjum Sovétríkjanna, í þágu fasistískra afla sem þá voru farin að hugsa sér til hreyfings í Evrópu og Japan. Við réttarhöldin í Moskvu 1936-38 viðurkenndu þessir menn að hafa reynt að eyðileggja efnahag Sovétríkjanna, undir stjórn Trotskís sem þá makkaði við fasistana um að gera árás á Sovétríkin.
Trotsky segir í sjálfsævisögu sinni, að hann geti ekki sagt að hann hafi gert nein mistök þegar litið sé á söguna. Það voru ekki mistök hjá honum þegar hann studdi fasista, það voru ekki mistök þegar hann studdi fsista á Spáni gegn spænskri alþýðufylkingu, með gervibyltingar slagorðum eins og"sósíalískur Spánn" Trotskyistahreifinginn á Spáni POUM átti drjúgan þátt í því að fasistarnir komust til valda. Málgagn þeirra "Batalla"réðist harkalega á Alþýðufylkinguna, með allskonar sundrungs frösum eins og að skora á verkalýðinn að rífa fötinn utan af borgurunum, þegar mest reið á að samfylkja gegn fasismanum. Síðar kom í ljós að leiðtogi POUM Andres Nain, náinn vinur Trotskys var í beinu sambandi við hinar leynilegu upplýsingaþjónustur fasista og afhenti þeim dýrmætar upplýsingar um hersveitir lýðveldissinna, þegar hin "stalíniska"alþýðufylkong sigraði trotskyista.
Það eru til dæmi frá Frakklandi, Kína, Víetnam, Albaníu, Suður-Ameríku um það hvernig trotskyistar hafa sundrað baráttu alþýðunnar gegn fasismanum. Enda er það ekkert skrýtið þó þeir hafi gert það sökum þess að andlegur leiðtogi þeirra Trotsky makkaði ákaft við fasistana.
Hver er stefna trotsyista í dag? Í einu orði sagt sundrungsstarfsemi, eins og hún hefur alltaf verið. Íslenskir kommúnistar verða skilyrðislaust að taka upp ákveðna baráttu gegn því að þessi sundrungsöfl nái að festa rætur því henni er stefnt gegn íslenskum verkalýð og alþýðu allri.

G. H.

Baráttan fyrir stofnun Kommúnistaflokks Íslands

Kommúnistasamtökin munu halda þing á páskum á næsta ári. Miðstjórn hefur ákveðið að þing þetta verði jafnframt stofnþing Kommúnistaflokks Íslands. Framundan eru harðari stéttaátök og verkalýðurinn verður að eiga sér forystuafl í þeirri baráttu. Sagan hefur sýnt, að hugmyndir endurskoðunarstefnunnar um að flokkur af lenínískri gerð sé úreltur, eru alrangar og fjandsamlegar verkalýðsstéttinni. Það gildir einu hvort lenínísku flokkshugmyndinni er hafnað á grundvelli trotskismans, fleirflokkakerfi endurskoðunarsinna í AB eða af öðrum forsendum - allar þessar hugmyndir eru rangar. Verkalýðsstéttin verður að eignast framvarðarsveit, sem safnar bestu mönnum stéttarinnar undir sín merki og verður þannig hvort tveggja kjarni stéttarinnar og forystuafl hennar. Þetta eru orsakirnar fyrir því, að miðstjórn KSML hefur ákveðið að stofna KFÍ.

Unnið að einingu marxista-lenínista

Einingarsamtök kommúnista m-l hafa sýnt í verki, að þau ætla sér ekki að starfa að einingu íslenskra kommúnista, a.m.k. meðan þau aðhyllast núverandi stefnu sína. Þrátt fyrir tilboð KSML um að samtökin ynnu saman að flokksstofnun, hefur miðstjórn EIK(m-l) ákveðið að taka ekki þátt í starfinu fyrir stofnþing Kommúnistaflokksins, en í staðinn hafið árás á starf og stefnu KSML. Allt tal miðstjórnar EIK(m-l) um sameiningu íslenskra marxista-lenínista í einn flokk, verður innantóm markleysa, þegar kemur til framkvæmda. Í stað þess að snúa bökum saman við KSML í baráttunni gegn hvers kyns hentistefnu - hægri eða "vinstri" - og vinna markvisst að stofnun kommúnistaflokks, tekur miðstjórn EIK(m-l) þá afstöðu, að flokkurinn spretti fram úr baráttu fjöldans og ræðst með KSML með lygum og óhróðri. Albanska útvarpsstöðin "Radío Tírana" sagði þann 6. janúar 1973 í tilefni af að 4 ár voru liðin frá stofnun Kommúnistaflokks Þýskalands m-l: "Á sviði hugmyndafræðinnar var fyrst og fremst nauðsynlegt að marka stöðugt línuna gegn nútíma endurskoðunarstefnu og ýmis konar "vinstri" og hægri hentistefnu, sem reyndi að smjúga inn í flokkinn. Félagi Enver Hoxha sló því föstu á 6. þingi Albanska Flokks vinnunnar, að "Gagnbyltingarhugmyndir endurskoðunarsinnanna og starfsemi þeirra, kyndir undir allra handa fjandsamlegum hugmyndastraumum, allt frá hinu versta borgaralega afturhaldi til trotskískra og smáborgaralegra hugmynda." Í V-Þýskalandi voru áhrif þessar andmarxísku hugmynda einnig mikil meðal æskufólks og sérstaklega stúdenta. Það sannast af baráttunni sem hinn ungi flokkur varð að heyja frá upphafi. Það komu líka fram öfl, sem vissulega héldu því fram, að raunverulegur marxískur-lenínískur flokkur væri algerlega nauðsynlegur, en þau heimtuðu að flokkurinn sprytti fram úr baráttu fjöldans. Þessari kenningu, sem raunverulega afneitar forystuhlutverki flokksins, var hafnað af KPDm-l (Kommúnistaflokkur Þýskalands m-l). Hann hélt því skorinort fram, að verkalýðurinn þarfnaðist flokksins eins og áttavita, til þess að ná takmarki sínu, sósíalismanum. Það var einmitt þetta, sem smáborgaralegir uppákomumenn af öllu tagi vildu hindra, með hinum ýmsu tiltækjum sínum." (Weg der Partei nr. 2/74, bls. 109).

KSML halda því einnig fram, að verkalýðurinn þarfnist flokksins í stéttabaráttunni og fyrir sósíalismanum, en EIK(m-l) afneitar leiðandi hlutverki flokksins, í starfi sínu.

Klofningsstarfsemi EIK(m-l)

Þegar við stofnun EIK(m-l) héldu þessi samtök út á háskalega braut. Þau juku við þann klofning, sem þegar ríkti meðal íslenskra marxista-lenínista í stað þess að berjast eindregið fyrir einingu og stofnun kommúnistaflokks. Undir því yfirskyni, að KSML hefðu þegar gert svo slæmar villur, að stofnendur EIK(m-l) gætu ekki starfað innan KSML, ákváðu þeir að stofna ný samtök. Vissulega var lýst yfir, að EIK(m-l) ætlaði að sameina íslenska marxista-lenínista og stofna einn kommúnistaflokk, en verkin tala allt öðru máli. Í reyndinni var stofnun EIK(m-l) klofningsaðgerð og tafði fyrir stofnun flokksins. Þýsku kommúnistarnir hafa þessa afstöðu til málsins:

"Sérhver kommúnisti verður að gera sér ljóst, að við hlið kommúnistaflokksins er ekki hægt að byggja upp annan flokk. Sá sem lítilsvirðir eða hliðrar sér hjá þessar afgerandi spurningu fyrir sósíalísku byltingua, rígheldur sér við hópaskipulagið eða ætlar sér að byggja upp "betri" kommúnískan flokk, er ekki kommúnisti. Því í reyndinni byggir hann ekki upp "betri" kommúnistaflokk, heldur berst gegn flokknum sem fyrir er, blæs að glóðum klofnings í hinni byltingarsinnuðu verkalýðshreyfingu og starfar í raun í þágu heimsvaldastefnunnar. Villur, jafnvel villur í starfi flokksins sem fyrir hendi er, geta aldrei nokkru sinni verið grundvöllur þess að byggja skuli upp "andstöðuflokk." Eini grundvöllur fyrir kommúnista til að byggja upp nýjan flokk, er að kommúnistaflokkurinn sem fyrir er hafi endanlega úrkynjast í forsvara borgarastéttarinnar." (Weg der Partei nr. 2/74, bls. 107).

Alþýðubandalagið hefur gerst forsvari borgarastéttarinnar og það gerir uppbyggingu nýs kommúnísks flokks nauðsynlega. En EIK(m-l) gera alrangt, þegar þau snúast gegn uppbyggingu slíks flokks og ætlar sér að byggja upp "betri" flokk. Slík starfsemi er aðeins í þágu stéttaróvinarins. En stofnun EIK(m-l) er aðeins upphafið á klofningsstarfinu. Þó svo, að EIK(m-l) hafi gert mistök með því að stofna ný samtök, vegna grófrar "vinstri"-hentistefnu KSML fyrir 1974 og fram á það ár í ýmsum málum, var full ástæða til að leiðrétta þau mistök, þegar KSML hófu baráttuna gegn "vinstri" villunum og einangrunarstefnunni. Og þessi barátta hófst vel að merkja fyrir stofnun EIK(m-l). En jafnvel í dag, þegar KSML hafa háð árangursríka baráttu gegn "vinstri"-hentistefnunni og stefna að fullu uppgjöri við hana á þinginu á næstu páskum, heldur EIK(m-l) klofningsbaráttu sinni áfram.

Óheiðarlegar starfsaðferðir EIK(m-l)

Miðstjórn EIK(m-l) notfærir sér ranga afstöðu KSML á árunum '72-'74, til þess að ráðast gegn KSML í dag. Hún gengur m.a.s. svo langt, að fullyrða, að afstaða sem KSML hafa algerlega gert upp við og hafnað fyrir meira en ári síðan, sé núverandi afstaða okkar. Hún lýsir því yfir í nýútkomnum bæklingi að aðalsmerki stefnu KSML séu:

"1. Afstaða gegn samfylkingum og dægurbaráttu vinnandi alþýðu.
2. Andstaða gegn stuðningsstarfi við erlenda alþýðu vegna þess að þær starfi ekki á "grundvelli sósíalismans eða alþjóðahyggju öreiganna" - sem yfirlýst markmið.
3. Tilraunir til að ganga fram hjá stéttarfélögunum, starfa gegn þeim stöðugt, en leggja þess í stað áherslu á slagorðaglamur og "kommúnískan áróður" í dægur- og kjarabaráttunni.
4. Rangt mat á þjóðfélagsaðstæðum og bandamönnum verkalýðsins undir vígorðinu "stétt gegn stétt."
5. Tilraunir til að breiða yfir mistök, gagnrýna einstaka þætti stefnunnar og láta líta svo út að þeir hafi engin afgerandi áhrif á heildarstefnuna.
6. Afstaða gegn fjöldabaráttu og rangt mat á afli fjöldans - heyja á baráttuna "fyrir fjöldann.""

Miðstjórn EIK(m-l) er fullkunnugt um, að þetta eru hreinar lygar. KSML starfa innan Baráttusamtaka launafólks og Baráttusamtaka verkafólks, Víetnamnefndarinnar, Palestínunefndarinnar, vinafélaga við sósíalísku ríkin og hernámsandstæðinga. KSML hafa starfað innan verkalýðsfélaganna og álíta bændur vera bandamenn verkalýðsins. KSML hafa barist hart gegn hvers kyns hentistefnu inna eigin vébanda og ekki dulið þá baráttu á neinn hátt, auk þess sem afstaða KSML til fjöldabaráttunnar er dregin saman í vígorðinu "Með fjöldanum - fyrir fjöldann," og þar átt við starf meðal fjöldans og fyrir hagsmunum hans. Þessar lygar verða ekki skildar öðruvísi en sem beint og meðvitað klofningsstarf af hálfu miðstjórnar EIK(m-l). Við teljum óþarfa að svara þeim sora sem birtist í nýútkomnum bæklingi EIK(m-l) frekar, en munum einbeita okkur að því að afhjúpa starfsaðferðir og klofningstaktík EIK(m-l) í staðinn.

EIK(m-l) munu ekki takast að hindra stofnun kommúnísks flokks á Íslandi með þessum klofningsaðgerðum sínum, né heldur að leggja stein í götu marxismans-lenínismans að öðru leyti. Við hvetjum félaga í EIK(m-l) til að ræða þessi vandamál kommúnísku hreyfingarinnar á Íslandi af alvöru og taka núverandi afstöðu sína til gagngers endurmats. KSML munu berjast fyrir stofnun KFÍ og hvorki borgaralegt afturhald, nútíma endurskoðunarstefna, trotskismi né smáborgaraleg hentistefna mun hindra okkur í að ná þessu marki.

LIFI BARÁTTAN FYRIR STOFNUN KOMMÚNISTA FLOKKS ÍSLANDS.

-/KG

Guðmundur J. Guðmun
Nóatúni 26
R.

Kreppan dýpkar, stéttabaráttan harðnar

Eins og kunnugt er af fréttum frá Danmörku er landið statt í geigvænlegri kreppu sem dýpkar stöðugt. Borgarablöðin flytja okkur fréttir af viðbrögðum þingmanna og borgarastéttar við kreppunni. En hvernig er ástandið meðal alþýðunnar, hvernig kemur kreppan niður á henni, hvernig snýst verkalýðurinn við kreppunni? Þessum og fleiri spurningum svarar fréttaritari Stéttabaráttunnar í Danmörku í eftirfarandi grein.

Atvinnuleysið og afleiðingar þess

Í dag er atvinnuleysi hlutskipti ungs fólks í Danmörku. Fólk undir tvítugu kemst ekki á atvinnuleysisskrá og fær engar atvinnuleysisbætur. Þetta notfæra atvinnurekendur sér og ráða til sín ungt fólk og borga þeim undir kauptöxtum, allt að 50% minna en þeim ber. Á skemmtistöðum, krám og veitingahúsum vinnur mikið af ungu fólki sem er undirborgað. Gegn þessu misrétti hefur verkafólkið snúist með samtakamætti sínum og um miðjan september hættu starfsmenn brugghúsanna að flytja bjór til þeirra veitingahúsa í Árósum þar sem fólk er undirborgað, og starfsfólkið lokaði veitingahúsunum. Í Árósum vannst sigur á nokkrum dögum, og fékkst þannig mikilvægt fordæmi fyrir verkafólki annars staðar á landinu sem beitt er sama misrétti.

Atvinnurekendur og sósíaldemókratíska ríkisstjórnin standa saman gegn verkalýðnum. Krafa þeirra er að öll "þjóðin" (nema þeir sjálfir) taki á sig byrðar kreppunnar. Þegar kreppan segir til sín er verkamönnum sagt upp, þeir sem eftir verða eru undirborgaðir jafnframt því sem vinnuálagið eykst, en gróði atvinnurekenda er óskertur - ef hætta er á að gróðinn minnki flytja þeir úr landi. Almenningi verður þetta æ ljósara, á meðan atvinnurekendur reyna sífellt að velta byrðum kreppunnar yfir á herðar verkalýðsins eykst stéttvísi fólks óðfluga.

Sanskur verkalýður hefur hafið öfluga varnarbaráttu gegn skertum lífskjörum. Markmið baráttunnar er að atvinnurekendur borgi sjálfur brúsann, taki sjálfir afleiðingum þeirrar kreppu sem þeir hafa orsakað með sókn sinni eftir hámarksgróða. Þessi barátta gegn skertum kjörum verkalýðsins breiðist út um allt land: Uniprint, þar sem verkafólk yfirtók verksmiðjuna eftir að atvinnurekandinn hafði ákveðið að segja öllum upp og flytja verksmiðjuna úr landi. Hin sósíaldemókratíska ríkisstjórn sendi lögregluna til að fjarlægja verkafólkið. Sabroe Ö. B. þar sem járnsmiðir neytuðu að vinna í akkorði, mótmæltu því að hver hreyfing þeirra væri mæld með skeiðklukku og þeir sjálfir gerðir að hálfgerðum vélum. Þeir unnu þetta verkfall, en rúmum mánuði síðar var verksmiðjan lögð niður með þegjandi samþykki verkalýðsfélagsins.

Atvinnurekendur krefjast hagræðis á kostnað verkafólks, meiri vinna, sömu eða minni laun; minni laun og skert lífsskilyrði. Og baráttan heldur áfram, í vor lögðu strætisvagnastjórar í Kaupmannahöfn niður vinnu. Verkafólk í Nilfiskverksmiðjunni gerði verkfall í sumar, einnig HK starfsfólk, slátrarar, póstmenn, vélvirkjar og smiðir á Storno á Sjálandi og járnsmiðirnir í deild 4 hjá B&W (Burmeister og Wain) skipasmíðastöðinni. Járnsmiðirnir hjá B&W unnu frábæran sigur með því að treysta á sína eigin krafta, vera ákveðnir, vinna öflugt kynningarstarf út á við og fá þannig stuðning fólksins. Höfuðatriðið var þó, að þeir stóðu saman.

Fréttamenn Stéttabaráttunnar á ferð

Svipa atvinnuleysisins smellur sífellt fastar á bökum verkalýðsins. Hundruð þúsunda dana hafa orðið atvinnuleysinu að bráð. 10-13% þurfa vikulega að stimpla sig atvinnulausa. Helmingi fleiri er hvergi á skrá, þ.e.a.s. þeir sem hafa nýlokið skólanámi og þeir sem standa utan verkalýðsfélaga. Einnig eru margir á hinum ýmsu námskeiðum.

Tilveru hvers verkamanns er ógnað og hann á yfir höfði sér að svipt sé undan honum þeim lífsgrundvelli sem hann hefur byggt á. Fólk neyðist til að láta það litla frá sér sem það er buðið að skrapa saman. Þetta brýtur smátt og smátt niður margan verkamanninn. Fólk þorir ekki að verða veikt því mörg fyrirtækin notfæra sér það sem átyllu og reka þá sem veikjast of oft að þati þeirra. Sem dæmi má nefna Danfoss í Nordborg á Als sem rekur um 20 manns vikulega og fer þá eftir sjúkraskrám. Þannig neyðist fólk til að mæta í vinnu þó að það sé fársjúkt. Þessi ógnun um atvinnuleysi veikir oft samstöðu verkalýðsins, sumir láta undan kröfum atvinnurekenda og vinna fyrir tímakaupi sem oft er undir umsömdum taxta. Þó nokkuð er um það að atvinnurekendur undirbjóði hverjir aðra til þess að ná undir sig mörkuðum, þetta er hægt með því að borga verkafólkinu langt undir umsömdum kauptaxta eða með því að losna við önnur "óþarfa" útgjöld t.d. greiðslur í atvinnuleysistryggingarsjóði. Sem dæmi má nefna Bækkelund verksmiðjuna í Viborg sem framleiðir munnþurrkur. Í Bækkelund starfar eingöngu fólk sem ekkei er í fagfélögum, þau sem hafa gengið í fagfélög eru jafnóðum rekin. Þannig sleppur eigandi verksmiðjunnar við að borga í atvinnuleysistryggingarsjóð, og þannig getur hann undirboðið önnur fyrirtki, jafnframt því sem gróði hans sjálfs vex stöðugt. En fagfélagsbundið verkafólk í sömu iðngrein á atvinnuleysi yfir höfði sér.
Kreppan sundrar verkalýðnum í þá sem reyna að hagnast á atvinnuleysi annarra. Þessi hópur stéttsvikara sem stendur með atvinnurekendunum birtist í verkföllum í mynd verkfallsbrjóta. Bak við þennan hóp standa dönsku hægri flokkarnir, þeir flokkar sem svara til Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins á Íslandi, og það sem er alvarlegra að lögreglan, sem tæki atvinnurekenda, styður ávallt stéttsvikarana. Gegn þessu stendur hópur hinna stéttvísu verkamanna.

Verkfallsbaráttan á þessu ári hefur sannað, að þar sem verkafólkið stendur saman og er ákveðið þar vinnst sigur. En þar sem sundrungaröflin verða ofan á þar verður verkalýðurinn að láta í minni pokann.

Hverjir eru hinir sönnu stuðningsmenn verkalýðsins?

Sósíaldemókratarnir gegna leiðandi embættum innan LO (ASÍ Danmerkur) og öllum stærstu verkalýðsfélögunum. Þessir "leiðtogar" verkalýðsins koma ávallt fram sem fulltrúar atvinnurekenda í öllum þeim vinnudeilum sem skipta einhverju máli fyrir verkalýðinn. Þeir berjast með kjafti og klóm gegn öllu verkafólki sem þeir geta ekki stjórnað eftir hentugleikum. Verkafólk sem dirfist að taka ákveðna afstöðu gegn atvinnurekendum er í augum verkalýðsforustunnar: svikarar, öfgasinnar, sem sundra verkalýðnum eða þá "kínverjar." Þannig hefur hin sósíaldemókratíska forusta heildarsamtaka járniðnaðarmanna (Metal) með "jafnaðarmanninn" Paulus Andersen í broddi fylkingar kallað járnsmiðina í deild 4 á B&W öllum illum nöfnum. Og það sem er alvarlegast, þeir hafa hótað verkfallsfólkinu og öllum þeim sem dirfast að fara í verkfall, brottrekstri ú verkalýðsfélaginu. Forustan hefur lýst því opinberlega yfir, að hún muni berjast gegn öllum þeim sem hlýða ekki orðalaust. Eru þeitta bandamenn verkalýðsins? Nei.

Rússadindlarnir í DKP sem fá sína línu beint frá Moskvu styðja sósíaldemókrataforustuna í þessu sem og í mörgum öðrum málum. Það var DKP (sem hefur sterk ítök í B&W) sem barðist gegn því að aðrar deildir B&W styddu járnsmiðina í deild 4. Það voru trúnaðarmenn og verkalýðsleiðtogar úr DKP sem bönnuðu járnsmiðunum frá deild 4 að hvetja aðra verkamenn B&W til stuðningsstarfs. Það eru DKP verkfallsleiðtogarnir sem eru helstu stuðningsmenn sósíaldemókratanna í baráttu þeirra gegn verkfallsfólki.

Kommúnistasamtökin (marxistar-lenínistar) (KFML) hafa ávallt tekið fullan þátt í baráttu verkfallsmanna hvar sem er í Danmörku. Það eru marxistar-lenínistar sem standa fremstir í mótun alls stuðningsstarfs við verkfallsfólk. Það eru þeir sem standa fyrir fjársöfnun til stuðnings verkfallsfólki um alla Danmörku. Það eru marxistar-lenínistar sem standa fyrir því að dreifa flugritum til stuðnings verkfallsfólkinu. Þeir eru skeleggastir í verkfallsbaráttunni hvar sem þeir starfa. Það voru félagar KFML sem voru harðastir í verkfallsbaráttunni í deild 4 hjá B&W. Þeir voru meðal talsmanna verkfallsmanna í verkfalli sem var leitt til sigurs. Þetta eru hinir sönnu bandamenn fólksins. Enda ekki af ástæðulausu að sérhver stéttsvikari er hræddur við sanna kommúnista. "Verkalýðsforinginn" Paulus Andersen krefst þess að verkalýðurinn "einangri og sparki burt" öllum sönnum kommúnistum, því annars sé veldi hans ógnað.

Íslenskur verkalýður getur dregið mikilvæga lærdóma af því sem er að gerast í Danmörku. Eining verkalýðsins á grundvelli stéttabaráttunnar færir sigur í stéttaátökum. En sú eining krefst þess að hinni uppkeyptu verkalýðsforystu sé vikið til hliðar og hún afhjúpuð sem svikarar. Það er þegar skerst í odda milli stéttanna að verkalýðsforystan afhjúpar sig sem 5. herdeildina innan raða verkalýðsins.

Magnús Þorgrímsson í Árósum

FRAMHALD AF FORSÍÐU

Við deyjum stoltir!

smiðjunni, og hafði gengið út fyrir hliðið ásamt nokkrum félögum sínum til að horfa á mótmælaaðgerðirnar. Lögreglan kom heim til mín sunnudaginn 4. maí klukkan 7 um morguninn. Mér tókst að sleppa og flýja til fjalla vegna þess að nokkrir grannar mínir sáu lögregluna koma og sögðu mér frá því. Ég vildi ekki fara yfir landamærin og til Portúgal og mánudaginn 5. var ég kominn til Madrid til að halda baráttunni gegn fasismanum áfram, sem er sameiginlegur fjandi allrar alþýðu Spánar.

Handtekinn í Madrid

Þann 22. júlí var ég á Barcelonagötu með félögunum Sierra Marcos og Olaso Bilbao. Eftir að hafa yfirgefið þá var ég á leið yfir götuna þegar 8-10 "leynilögreglumenn" köstuðu sér yfir mig og handtóku mig og miðuðu á mig skammbyssu áður en þeir fórum með mig í handjárnum til DGS (höfuðstöðvar spænsku spænsku leyniþjónustunnar - aths. Stb).

Hjá DGS sögðu þeir að ég hefði tekið þátt í að myrða vopnaðan lögreglumann og þeir sögðust skyldu berja mig þangað til ég játaði. En þeir vildu láta mig lifa til að ég gæti undirritað játningu, þó það varaði aðeins stutt því þeir ætluðu sér að dæma mig til dauða. Þegar ég játaði ekki, byrjaði barsmíðin og pyntingarnar. Þeir köstuðu mér milli veggja, úr einu horni herbergisins í annað. Þeir börðu mig með kylfum og hnefunum. Ég datt nokkrum sinnum á gólfið en þeir reistu mig á fætur til að geta haldið áfram að berja mig. Eitt skipti tóku þeir í axlirnar á mér og héldu í hálsinn meðan þeir slógu höfðinu á mér hvað eftir annað utan í húsgagn úr málmi. Þetta kostaði sár í andlitið, í ennið og vinstra auga. Þeir héldu áfram að berja mig og slógu úr mér tönn, þó að í skýrslunni frá DGS finnst orðið "tannpína". Annars konar pyntingar sem ég var látinn gangast undir: Þeir þvinguðu mig til að vera á hnjánum meðan þeir börðu mig með kylfum undir iljarnar. Þetta gerðu þeir á þann máta, að þegar ég stóð upp fannst mér eins og fæturnir á mér væru að klofna.

Játningarnar

Þeir þvinguðu mig líka til að standa með andlitið upp að veggnum og slógu mig í næstu hálftíma í vinstri hluta hryggsýlunnar með kúlupenna. Til að byrja með var þetta í meðallagi sársaukafullt, en er líða tók olli þetta svo miklum kvölum að ég gat ekki framkvæmt minnstu hreyfingu. Án þess að geta gengið, næstum án þess að geta hreyft mig vegna verkja í öxlunum, án þess að sjá með vinstra auga og með andlitið bólgið eftir barsmíðar (það blæddi oft úr nefi mínu og einu sinni úr munni), skrifaði ég undir "játningarnar" að kveldi hins 25. Ég hef ennþá, nú mánuði seinna ör á höndunum, sérstaklega á úlnliðunum eftir handjárnin. Ég man að ein rottan sem flutti mig til fangelsisins sagði þegar hann setti á mig handjárnin:
"Ef þetta væru hendurnar á Jesúbarninu myndum við virða þær, en hendurnar á rauðliða, aldrei."

Í Carabanchel-fangelsinu var ég í 34 daga án þess að komast í samband við nokkra manneskju, án þess að geta talað við nokkurn eða lesið. Ég varð að standa allan daginn því það var ekkert sem ég gæti setið eða legið á. Þannig var aðbúðin sem við máttum þola hjá DGS og í Carabanchel-fangelsinu.

Fasísk þjóðarmorð

Félagar, ríkisstjórnin lætur sér ekki nægja að varpa fólki okkar í fangelsi. Í dag er fasisminn, sem fylgir lærdómum Hitlers, að fremja þjóðarmorð á alþýðu baska, og hún reynir að drekkja réttlátum vonum alþýðunnar í blóði, þeir drepa að hluta til á götunum og að hluta til með dómstóla"réttlæti" alla þá sem berjast gegn afbrotum þeirra og ránum.

Gegn þessu á alþýðan aðeins einn valkost: Stöðugt öflugri og umfangsmeiri baráttu. Nú er það ekki lengur nægilegt að ganga úti á götunum og kalla "frelsi." Verkalýður og alþýða, við verðum að svara sultarlaununum, uppsögnunum, öllum handtökunum, öllum morðunum.
Nú reynir fasisminn að nýju að myrða, vegna þess að hann heldur að eftir handtökur í hundraðatali á meðlimum FRAP, ETA, UPG (Alþýðusamtök Galisíu) o.s.frv. muni alþýðan halda áfram að þegja eftir dauða okkar. Þeir þekkja bankahólfið sitt í Sviss, sem hafa verið uppteknir við að þjóna bandarísku herrunum sínum.

Við deyjum stoltir

Í þessum mánuði "dæma" þeir fimm meðlimi PSEm-l: Majoral Rueda, vélvirki, Sierra Marcos, nemandi, Blancho Chivite, blaðamaður, Fernandez Tovar, landbúnaðaverkamaður og Baena Alonso járniðnaðarverkamaður. Það verða felldir fimm dauðadómar. Við búumst ekki við neinni miskunn frá ríkisstjórn sem komst til valda yfir lík milljón manna, ríkisstjórn sem hefur haldið áfram að myrða í næstum 40 ár.

Við berum traust til ykkar og alþýðunnar, og við erum þess fullvissir að þið munuð gera það sem í ykkar valdi stendur til að bjarga okkur og fjölskyldum okkar. Þrátt fyrir síðasta augnablikið komi og fasisminn taki okkur af lífi, munum við deyja stoltir að þátttöku okkar í PCEm-l og FRAP, og stoltir yfir að hafa lagt eitthvað af mörkum til að Spánn verði sameinað alþýðulýðveldi.

Kveðjur
ykkar félagi
Jose H. Baena Alonso

Stéttadómur í Þýskalandi

Nú fyrir skömmu var 21 árs vélvirki, Alexander Haschemi, vísað frá V-Þýskalandi til Persíu. Forsagan er þessi. A. Haschemi á persneskan föður, en þýska móður. Hann hefur alla ævi búið í Þýskalandi og þekkir engan í Persíu, né heldur talar persnesku. Samkvæmt þýskum lögum, getur einstaklingur sem á annað foreldri erlent en hitt þýskt sótt um að verða þýskur ríkisborgari, þegar hann nær lögaldri. Sæki hann um þetta, hafi búið í Þýskalandi og fái samþykki hins þýska foreldris, ber yfirvöldum samkvæmt lögum að samþykkja umsóknina. En dómarinn dæmir hann samt til brottvísunar frá Þýskalandi, ástæðan getur ekki verið önnur en sú, að A. Haschemi er meðlimur í "Rote Garde", æskulýðssamtökum Kommúnistaflokks Þýskalands m-l. Hann var handtekinn í kröfugöngu í fyrra og hefur setið inni síðan. Í réttinum kom m. a. fram, að Haschemi talar ekki persnesku og ennfremur, að vegna stjórnmálaskoðana sinna mun honum verða varpað rakleiðis í dýflissur Sjahsins af Persíu, en þar ríkir eins og kunnugt er hreinasti fasismi. Dómarinn svaraði: "Nú, lærðu þá persnesku." Stéttabaráttan hvetur alla lýðræðissinnaða íslendinga til að leggja sitt af mörkum til að bjarga Haschemi frá pyntingum og dauða í fangelsum persnesku fasistanna. Fyllið seðilinn hér við hliðina út og sendið til Stéttabaráttunnar, pósthólf 1357.


Stéttabaráttan fordæmir ofsóknirnar gegn þýskum framsæknum verkalýð og krefst þess að Haschemi verði látinn fá þýskan ríkisborgararétt tafarlaust.

Ég undirritaður mótmæli hér með, án tillits til skoðana A. Haschemis, hinni ólöglegu sviptingu ríkisborgararéttar, sem hann hefur verið beittur. Með þessari undirskrift minni vil ég aðstoða við að bjarga Haschemi undan fangelsun og dauða í hinu fasíska Íran.

....

Nafn Heimilisfang

LOKASPRETTUR



Nú er söfnun áskrifenda árið 1975 á síðasta snúning. Lokaspretturinn að 100% er nú i gangi - og það vantar aðeins tæp 15% uppá. En 15% koma ekki af sjálfu sér - allir félagar og stuðningsmenn KSML verða að taka þátt í lokaátakinu og slaka hvergi á. Það ætti að vera öllum ljóst hversu mikilvægt það er að áskrifendum fjölgi. Nú er staðan 85,3% fjölgun og við höfum aðeins mánuð til stefnu.

GERIST ÁSKRIFENDUR!